



Sandra Líf Þórarinsdóttir Long fannst látin í fjörunni við Álfanes á þriðja tímanum í gær. Leit hófst aðfaranótt laugardags og tóku hundruð leitarmanna þátt, meðal annars frá björgunarsveitunum og lögreglunni. Skip, þyrlur, drónar og sæþotur voru notaðar við leitina og var áhersla lögð á leit á Álfnesinu þar sem bíll Söndru fannst. Sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Fá ekkert fyrir að skipuleggja

Allir sem eiga pantaða pakkaferð til útlanda eiga rétt á endurgreiðslu nú þegar COVID-19 faraldurinn gengur yfir. Framkvæmdastjóri Bændaferða segist fara eftir reglunum þrátt fyrir að vera ósáttur við þær.

**NEYTENDUR.** „Ef pakkaferð er aflýst þá á farþegi rétt á endurgreiðslu að fullu, en svo eru dæmi um að ferðaskrifstofur bjóði fólki inneignar-nótu og margir eru sáttir við það,“ segir Ívar Halldórsson, lögfræðingur hjá Neytendasamtökunum og stjórnandi Evrópsku neytenda- aðstoðarinnar.

Allir sem panta pakkaferð eiga rétt á því að afpanta, undir venjulegum kringumstæðum hefur seljandinn rétt á að halda eftir gjaldi, ídulega í formi staðfestingargjalds, nema þegar aðstæður eru óvenjulegar líkt og nú. „Þá hefur ferðaskrifstofan ekki rétt á að halda eftir gjaldi.“ Neytendastofa komst að því fyrir skömmu að ákvæði laganna

**Við förum eftir settum reglum, auðvitað eru þær mjög íþyngjandi.**

Sævar Skaptason framkvæmdastjóri Hey Iceland og Bændaferða



gilti yfir lönd sem skilgreind væru sem áhættusvæði vegna COVID-19 eða þar sem útgöngubann er í gildi.

Þegar um er að ræða staka flugmiða sem einstaklingar hafa keypt af flugfélögum ber þeim að bjóða

upp á möguleikann á að fá endurgreitt flug sem fellur niður.

„Við förum eftir settum reglum, auðvitað eru þær mjög íþyngjandi. Vorið fór og sumarið verður ansi gramt,“ segir Sævar Skaptason, framkvæmdastjóri Hey Iceland og Bændaferða. Hann segir ferðir Bændaferða líklega þurfa að biða fram á haustið. Búið er að afbóka ferðir erlendra ferðamanna hingað til lands fyrir bæði apríl og maí. „Mikið af þeim erlendu ferðamönnum sem voru bókaðir núna í maí færðu bókanirnar fram á haustið eða næsta vor. Þeir fá þá inneign.“

Bændaferðir eru í annarri stöðu en ferðaskrifstofur sem sérhæfa sig í sólarlandaferðum. „Við erum ekki

á kaupum hótलगistingar og flug í bunkum. Við erum með hópferðir og þurfum á ákveðnum tímamarki að bakka út. Það borgar sig að hætta við fyrr en seinna vegna kostnaðarins,“ segir Sævar. „Við erum búin að leggja mikla vinnu í að skipuleggja og greiða staðfestingargjald inn á ferðir sem við fáum ekki endurgreitt, enginn hefðbundinn rekstur stendur undir svona reglum.“

Við erum að fjárfesta í framtíðinni með því að sýna viðskiptavinum að við förum eftir reglunum.“ Sævar segir tímunn notaðan til að undirbúa framtíðina. „Við erum að uppfæra tölvukerfi og innviði og verðum klár í slaginn þegar þetta gengur yfir.“ [arib@frettabladid.is](mailto:arib@frettabladid.is)

## Meira en 700 fyrirtæki fengið greiðslufrest

**VIÐSKIPTI** Fjármálafyrirtæki hafa afgreitt 63 prósent af þeim 1.205 umsóknum sem borist hafa frá fyrirtækjum um tímabundinn greiðslufrest á afborgunum og vöxtum af lánunum sínum til allt að sex mánaða.

Þetta kemur fram í aðsendri grein Katrínar Júlíusdóttur, framkvæmdastjóra Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF), en þrjár vikur eru liðnar síðan Samkeppniseftirlitið heimilaði lánveitendum að eiga með sér samstarf um slíkar aðgerðir vegna þeirrar fordæmalausu stöðu sem upp er komin vegna kórónaveirufaraldursins.


Af afgreiddum umsóknum hafa yfir 93 prósent fyrirtækja uppfyllt skilyrði samkomulagsins.

– Sjá Markaðinn

**Boost í skál ...**  
**Það má alveg!**

**KRONAN**

## Veður



Vestan 8-13 í dag og stöku skúrir eða él, en lægir og styttr upp í kvöld. Hiti 1 til 8 stig. **SJÁ SÍÐU 14**

## Einungis níu tilfelli greind

**COVID-19** Í gær höfðu verið staðfest hér á landi 1.720 tilfelli af COVID-19 smiti. Þá höfðu 989 náð bata og 39 voru á sjúkrahúsi, þar af átta á gjörgæslu. 2.503 einstaklingar voru í sóttkvi og 723 í einangrun. Frá upphafi faraldursins höfðu í gær verið tekin 36.339 sýni og 16.267 höfðu lokið sóttkvi. Átta hafa látist vegna COVID-19 sjúkdómsins á Íslandi.

Einungis níu manns greindust með sjúkdóminn hér á landi í fyrra dag en sama dag voru tekin 851 sýni, 161 á sýkla- og veirufræðideild Landspítalans og 690 hjá Íslenskri erfðagreiningu. Þegar mest lét greindust hér á landi 106 tilfelli á einum degi, þann 24. mars.

989

Íslendingar hafa náð bata af COVID-19 sýkingu en 723 eru nú í einangrun.

Á heimsvísu hafa tæplega tvær milljónir manna greinst með COVID-19 en staðfest tilfelli eru nú 1.945.055 talsins samkvæmt talningu John Hopkins-háskóla. Á hverjum degi fjölga nú staðfestum tilfellum um yfir 70 þúsund og ríflega helmingur alls smits greindist á síðastliðnum tveimur vikum. Staðfest er að faraldurinn hafi dreifst til minnst 185 af 196 löndum heimsins.

Fórnlömbum COVID-19 fjölga einnig og hefur sjúkdómurinn nú dregið yfir 120 þúsund manns til dauða. Líklegt er að tölurnar séu mun hærri á heimsvísu þar sem fjöldi ríkja telur eingöngu þau dauðsföll sem eiga sér stað innan spítalaveggja.

Flest dauðsföll eru skráð í Bandaríkjunum þar sem nærri 24 þúsund manns hafa látist af völdum sjúkdómsins. Staðfest tilfelli í landinu nálgast 600 þúsund. – **bdj / kdi**

## Áfram tómar laugar



Árbæjarlaugin verður, rétt eins og aðrar sundlaugar, tóm fram á sumarið. Margir höfðu gert sér vonir um að fá að skreppa í laugarnar, til að dýfa sér í djúpu laugina, synda nokkrar ferðir eða skrafa við náungann í pottinum. Enda sundiðkun stór hluti af þjóðarímyndinni. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

## Midgard aflýst

**COVID-19** Midgard 2020 ráðstefnunni sem átti að fara fram í Laugar-dalshöll í september á þessu ári hefur verið aflýst vegna COVID-19 faraldursins, þetta kom fram í tilkynningu frá skipuleggjendum hátíðarinnar.

» Hátíðin var haldin í fyrsta sinn árið 2018.

Í tilkynningunni kemur einnig fram að strax hafi verið hafist handa við skipulagningu ráðstefnunnar á næsta ári sem verði enn stærri í sniðum. Þá er öllum sem keypt hafa miða á hátíðina heitið endurgreiðslu eða miða á hátíðina að ári liðnu.

Hátíðin, sem haldin var í fyrsta sinn árið 2018, er svokölluð norðarárástefna þar sem aðdáendur tölvuleikja, borðspila, cosplay, myndasagna og ýmissar annarrar afþreyingar koma sama. Nexus og Cosplay Iceland standa að hátíðinni. – **bdj**

## Reisir blómasúlu til heiðurs frú Vigdísar

Guðmundur Þorvarðarson blómaskreytir hefur reist yfir þriggja metra heiðursúlu alsetta blómum fyrir utan verslun sína á Barónsstíg til heiðurs Vigdísar Finnbogadóttur sem er nírað í dag. Almennungur er hvattur til að sækja rós.

**SAMFÉLAG** „Þetta er fyrsta heiðursstöngin sem ég bý til og hún er gerð til heiðurs Vigdísar“, segir Guðmundur Þorvarðarson blómaskreytir. Hann hefur reist heiðursstöng fyrir utan blómabúð sína, Barónessuna, við Barónsstíg 27, í tilefni af níutíu ára afmæli frú Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands.

„Súlan verður þakin níutíu rósum í hinum ýmsu litum og svo hef ég látið prenta fána í heiðgulum lit með áprentaðri afmæliskveðju til Vigdísar“, segir Guðmundur. Heiðgula litinn valdi hann eftir að hafa skoðað kjólaVal Vigdísar í gegnum tíðina. „Þessi heiðguli litur er sá sami og Vigdísar valdi á dragt sem hún klæddist þegar Elisabeth Englandsdrottning kom hingað í opinbera heimsókn. Mér fannst Vigdís sérlega glæsileg í þessum gula lit“, segir Guðmundur.

Heiðursstöngin sem er 3,2 metrar á hæð, mun standa fyrir utan blómabúðina í dag, á afmælisdegi Vigdísar, með fánann dreginn að hún. Rósirnar sem prýða stöngina eru allar ræktaðar á Íslandi og hvetur Guðmundur Íslendinga til að koma á Barónsstíginn, berja súluna augum og taka með sér rós heim.

„Allir sem koma hingað á morgun eru hér með hvattir til að tína rós af stönginni og setja í vasa heima hjá sér. Hvort þú takir þrjár eða fimm, mér er alveg sama ég vil helst bara að það séu allar rósir horfnar á heiðursstönginni þegar ég loka um kvöldið“, segir Guðmundur og hlær. „Þannig getum við haldið upp á afmæli Vigdísar heima hjá okkur og hugsad til hennar með þakklæti“, bætir hann við.

„Ég lit sjálfur mikið upp til Vigdísar og tel að meginþorri þjóðar-



Guðmundur flaggar til heiðurs afmælisbarninu við verslun sem hann rekur með eiginmanninum Vilhjálm Guðjónssyni. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

Ég lit sjálfur mikið upp til Vigdísar og tel að meginþorri þjóðarinnar geri það líka.

Guðmundur Þorvarðarson, blómaskreytir

innar geri það líka. Það er einstakt að svona lítill þjóð eins og Íslendingar eigi leiðtoga sem við getum borið saman við Nelson Mandela. Hún er lifandi goðsögn sem hefur gert svo mikið fyrir okkur sem þjóð og sér í lagi fyrir konur um allan heim“, segir Guðmundur.

Aðspurður að því hvort sam-

komubann og kórónaveirufaraldurinn hafi haft áhrif á blómasölu segir hann svo vera, en einungis á jákvæðan hátt. „Íslendingar hafa aldrei keypt jafn mikið af blómum og eftir að bannið var sett á“, segir hann.

„Við vorum með opið alla páskana og á sjálfan páskadag þurfti ég að ræsa út heildsala af því að öll blómin hjá okkur voru búin eftir laugardaginn. Á páskadag slógum við svo met í blómasölu“, segir Guðmundur.

„Það er mikið um það að fólk sé að kaupa blóm handa nágrönnum sínum og setja þau fyrir framan dyrnar hjá þeim til að gleða. Það er yndislegt að sjá þessa samstöðu“, segir hann að lokum.

birnadrofn@frettabladid.is

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLSKRINGLUNNI - fyrir 25-30 manns



mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30  
laugardaga 8.00 - 16.00  
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

www.bjornsbakari.is



Way of Life!

# SWIFT!

## HANNAÐUR FYRIR ÞÍNAR ÞARFIR



VERÐ FRÁ KR.  
**2.620.000**

**4X4**

SUZUKI SWIFT  
ER EINNIG  
FÁANLEGUR  
FJÓRHJÓLADRIFINN

Suzuki Swift er löngu búinn að sanna ágæti sitt við íslenskar aðstæður. Frábærir aksturseginnleikar, afl, sparneytni og glæsileiki gerir Suzuki Swift ómótstæðilegan.

Komdu í heimsókn og prófaðu margverðlaunaðann Suzuki Swift.

*Suzuki Swift Mild Hybrid útgáfa er spennandi valkostur.*

● Fáðu nánari upplýsingar á [suzuki.is](http://suzuki.is)



### Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

**Akureyri:** Bílaríki, Glerárgötu 36. **Egilsstaðir:** Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.

**Hvolsvöllir:** Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.

**Ísafjörður:** Bílatangi ehf., Suðurgötu 9. **Reykjanesbær:** K. Steinarsson, Holtsgötu 52.

**Vestmannaeyjar:** Bílaverkstæði Sigurjóns, Flötum 20.



Suzuki á Íslandi



Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100



43 prósent heilbrigðisstarfsfólks á Íslandi er 34 ára eða yngra en það.

## Yngra fólk sinnir sjúklingum hér

**HEILBRIGÐISMÁL** 43 prósent heilbrigðisstarfsfólks á Íslandi er 34 ára eða yngra samkvæmt nýjum upplýsingum frá Eurostat, tölfræðistofnun Evrópusambandsins. Aðeins á Möltu og í Lúxemborg er hlutfall ungra hærra. Meðalhlutfall ungs heilbrigðisstarfsfólks á sambandsvæðinu er um 30 prósent og þar eru hin Norðurlöndin einnig, nema Noregur þar sem hlutfallið er 35 prósent.

Hlutfall eldra heilbrigðisstarfsfólks, yfir 50 ára, á Íslandi er hins vegar sambærilegt við Evrópu, í kringum 35 prósent. Er því miðjuhópurinn, 35 til 49 ára, minni en annars staðar.

Hjá Eurostat kemur einnig fram að færri heilbrigðisstarfsfólk er á Íslandi en hinum Norðurlöndunum. Er hlutfallið af heildarvinnuafli hér líkara því sem gerist í mið- og suðurhluta álfunnar, 7 til 9 prósent. En hlutfallið á Norðurlöndunum er yfir 11 prósent. Skörpustu skilin eru hins vegar ekki á milli landa eða aldursþópa, heldur kynja því 78 prósent alls heilbrigðisstarfsfólks á ESB- og EES-svæðinu eru konur. – klg

## Aukið hlutfall útskrifaðra

**MENNTUN** Tæplega 56 prósent nýnema á framhaldsskólastigi, sem hófu nám árið 2014, höfðu útskrifast árið 2018. Af þeim sem brautskráðust áttu rúmlega tveir af hverjum þremur að minnsta kosti eitt foreldri með háskólamenntun. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Hagstofu Íslands.

Þá kemur einnig fram að tæpur þriðjungur þeirra innflytjenda sem hófu nám í dagskóla á framhaldsskólastigi á sama tíma hafi verið útskrifaður fjórum árum síðar. Það er hæsta brautskráningarlutfall þessa hóps á undanfórum árum en mun lægra en meðal nýnema með íslenskan bakgrunn.

Hlutfall nýnema sem hafa útskrifast hefur farið hækkandi frá árinu 2004. Árið 2008 höfðu tæplega 45 prósent nýnema útskrifast sem hófu nám fjórum árum áður. – atv

# Mikil söluaukning í Vínbúðunum á milli ára

**VIÐSKIPTI** Nýafstaðin páskasala Vínbúðanna var 18 prósentum meiri en í fyrra. Dagana 6. til 11. apríl seldust 621.957 lítrar í verslunum Vínbúðarinnar en á síðasta ári seldust 526.239 lítrar í vikunni fyrir páska. Á sama tímabili fjölgaði viðskiptavinum Vínbúðarinnar um fjögur prósent. Þetta kemur fram í svari Vínbúðarinnar við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Salan í marsmánuði var var 8,2

## /// Sala áfengis í þúsundum lítra

	Mars 2020	Mars 2019	Hlutfallsleg breyting
Rauðvín	185,9	148	26,6
Hvítvín	102,7	88,8	15,6
Ökryddað brennivín og vodka	19,9	20,4	-2,6
Lagerbjór	1407,4	1324,4	6,3
Freyði- og kampavín	15,2	15,1	0,7
Ávaxtavín	13,5	17,7	23,9
Blandaðir drykkir	28	27,6	1,7
Aðrar bjórtegundir	34,4	26,6	29,2

prósentum meiri en í sama mánuði í fyrra, en aukningin milli ára er 7,9 prósent ef fyrstu þrjú mánuðir árána eru bornir saman.

Samkvæmt sundurliðun á sölu marsmánaðar má sjá að langmest aukning er í léttvíni og bjór. Sala á rauðvíni var rúmum 25 prósentum meiri í mars á þessu ári, samanborið við í fyrra, og sala á lagerbjór var 6,3 prósentum meiri. Sala á sterku víni dróst hins vegar lítillega saman. – aa

# Árangrinum verði ekki fórnað

Fyrstu skrefin í afléttingu samkomubanns verða tekin 4. maí. Forsætisráðherra segir mikilvægt að það gerist ekki of hratt. Rætt var á Alþingi í gær um aðgerðir stjórnvalda vegna COVID-19 faraldursins.

**COVID-19** Skólahald í grunn- og leikskólum verður með eðlilegum hætti frá og með 4. maí næstkomandi og hægt verður að hefja starfsemi í framhalds- og háskólum með takmörkunum. Er þetta liður í fyrsta skrefi afléttingar samkomubanns. Áformin sem byggja á tillögum sóttvarnalæknis voru kynnt í gær.

Hámarksfjöldi þeirra sem mega koma saman verður hækkaður úr 20 í 50. Hárgreiðslustofur, nuddstofur, sjúkrahjálfun, snyrtistofur, söfn og sambærileg starfsemi getur hafist að nýju 4. maí en passa skal upp á fjarlægðarmörk eins og kostur er. Einnig verða íþróttæfingar heimilaðar utandyra en með takmörkunum.

Í minnisblaði Þórólfs Guðnasonar sóttvarnalæknis til Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra er lagt til að þeim takmörkunum á samkomum sem verði hafa í gangi verði aflétt í nokkrum þrepum með þriggja til fjögurra vikna millibili. Sóttvarnalæknir leggur einnig til að fjöldasamkomur verði takmarkaðar við tvö þúsund manns út ágúst hið minnsta.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra flutti á Alþingi í gær munnlega skýrslu um áhrif COVID-19 faraldursins og aðgerðir stjórnvalda. Hún sagði að þótt áform um afléttingu samkomubanns hefðu verið kynnt væri mikilvægt að það yrði ekki gert of hratt.

„Við megum ekki fórna þeim árangri sem við höfum þegar náð, fórna heilsu fólks, og þess vegna skiptir máli að við stöndum saman næstu þrjár vikur við að klára þessar takmarkanir og þá verður hægt að létta þeim af í skrefum sem verða fá og stór,“ sagði Katrín.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, sagði að næstu aðgerðir stjórnvalda í efnahagsmálum væru í undirbúningi. Hann



Stjórnvöld kynntu skref í afléttingu samkomubanns í Safnahúsinu við Hverfisgötu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

sagði ljóst að það væri ekki hægt að lofa öllum að komast skaðlausum út úr ástandinu en að hægt væri að gera það sem skynsamlegt er.

„Ég nefni sem dæmi að þeir sem hafa tekið það á sig fyrir samfélagið allt að loka starfsemi sinni hljóta að eiga skilið að fá stuðning frá samfélaginu,“ sagði Bjarni.

Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, sagði að til skamms tíma þyrfti að slökkva elda. „En í framhaldinu þurfum við að hafa bæði kjark og framsýni til að ráðast í stórtækar breytingar á skattkerfinu, deila gæðum jafnar og tryggja að auðlindir okkar skili sér að fullu

» Hámarksfjöldi þeirra sem mega koma saman verður hækkaður úr 20 í 50.

og af sanngirni til almennings,“ sagði Logi.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, lagði áherslu á samstarfsvilja stjórnarandstöðunnar sem hefði stutt allar tillögur stjórnvalda. „Maður skyldi ætla að ef mönnum væri alvara með

tali um mikilvægi þess að standa öll saman og að þingið ynni saman hlyti sú samstaða og samvinna að virka í báðar áttir. Ég vona að breyting verði þar á og að samstöðu- og samvinnutalið birtist í þinginu í raun.“

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Vindreisnar, sagði að gagnsæi aðgerða stjórnvalda væri lykilatriði. „Það þarf að vera alveg skýrt frá upphafi hvernig leikreglurnar verða við endurreisn atvinnulífsins, að sömu leikreglur gildi fyrir alla, ekki bara suma, því lýðræðið og aðhaldið sem því fylgir fer ekki í sóttkví.“ [sighvatur@frettabladid.is](mailto:sighvatur@frettabladid.is)

**18g**  
PRÓTEIN  
OG AÐEINS  
**4%**  
VIÐBÆTTUR  
SYKUR



HITTU OKKUR Á FACEBOOK  / REKKJAN

KING  
KOIL  
LUXURY  
CABINETS

# KING KOIL

---



KOMDU OG UPPLIFÐU NÝJA TILFINNINGU  
Í AMERÍSKUM HEILSURÚMUM.



**SJÓN ER SÖGU RÍKARI**

## Fannst látin í fjörinni við Álftanes

**ANDLÁT** Sandra Líf Þórarinsdóttir Long, sem leitað var að frá aðfaranótt laugardags, fannst látin á þriðja tímanum í gær í fjörinni á Álftanesi. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gaf út tilkynningu um þetta skömmu síðar. Sandra var 26 ára gömul og búsett í Hafnarfirði.

Síðast hafði verið vitað um ferðir Söndru á skírdag og á laugardegnum um lýsti lögreglan eftir henni. Þann

sama dag fannst bill hennar yfirgefinn á Álftanesi og var leitinni beint að því svæði. Hundruð björgunarsveitarmanna komu að leitinni sem og hópur frá Landhelgisgæslunni, lögreglunni og Ríkislögreglustjóra.

Á páskaðag var áhersla leitaranna sett á sjó og loft. Tvö björgunarskip sigldu með fram ströndinni út að Reykjanesi. Kafarar og leitarmenn á sæpotum fóru einnig



Sandra Líf Þórarinsdóttir Long.

af stað. Þá voru þyrlur Landhelgisgæslunnar og drónar sett á loft til að skima yfir svæðið.

Á annan dag páska var leitað til klukkan 17.30 en þá var gert hlé. Klukkan 21.30 fóru leitarflokkar hins vegar aftur af stað á Álftanesi eftir tilkynningu frá tveimur vegfarendum um torkennilegan hlut í sjónum. Var hætt að leita klukkan rúmlega 1.00 um nóttina.

Leit var aftur haldið áfram í gær og fannst Sandra, eins og áður segir, í fjörinni skammt frá þeim stað þar sem leitin hófst. Samkvæmt tilkynningu frá lögreglunni er ekki talið að andlát hennar hafi borið að með sakennum hætti. Fjölskylda Söndru vill koma á framfæri þakklæti til allra sem veittu aðstoð við leitina.

– khg



Um 20 Íslendingar komu smitaðir heim frá Iscghl. MYND/GETTY

## Tveir bætast við í hópmálsókn

**COVID-19** Tveir Íslendingar hafa bæst við í hópmálsóknina sem austurrísku neytendasamtökin, VSV, standa fyrir. Heildarfjöldinn er nú 4.542 og þar af þrír Íslendingar. Þjóðverjar eru áfram flestir, eða 71 prósent, en fjöldi hefur bæst við frá Bretlandi og Hollandi.

Málsóknin er höfðuð gegn Gunther Platter, héraðsstjóra í Tírol, tveimur bæjarstjórum, tveimur heilbrigðisfulltrúum og nokkrum skíðalyftufyrirtækjum sem starfa á svæðinu. Er þeim gefið að sök að hafa hylmt yfir COVID-19 sýkingar á svæðinu og stefnt almannaheill í hættu.

Stór hópur Íslendinga kom smitaður úr skíðaferðalagi í bænum Iscghl og íslensk sóttvarnaryfirvöld bentu Austurríkismönnum á þetta. Um 77 prósent allra málanna á borði VSV tengjast Iscghl.

„Þó að þeir í Iscghl telji sig hafa gert allt rétt þá eru um 40 manns á gjörgæsludeildum og þrír hafa þegar látist. Ég er að setja fram kröfu um skaðabætur upp á meira en fimm milljónir evra,“ segir Peter Kolba, formaður VSV.

Þegar hafa 50 mál verið sett fram við dómstól í Tírol og hundruð eru á dagskrá á næstunni. Kolba segist þó ætla að reyna að fá skaðabótamál yfir til Vínarborgar því þar sé líklegra að hlutlaus niðurstaða fái en í Tírol, þar sem ítök þjóðarflokksins, sem Platter situr fyrir, og skíðalyftufyrirtækjanna eru mikil. – khg

# Smáhús fyrir heimilisláusa við Húsdýragarðinn eru umdeild

Íbúasamtök Laugardals fá frest vegna COVID-19 til að gera athugasemdir vegna fyrirhugaðrar lóðar undir smáhýsi fyrir skjólstaðinga velferðarsviðs Reykjavíkurborgar nærri Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Stjórn íbúasamtakanna telur að um mikla breytingu yrði að ræða og vill fá kynningarfund.

**SKIPULAGSMÁL** Tillaga um að breyta deiliskipulagi og koma fyrir byggingarreit milli Engjavegar og Suðurlandsbrautar í Laugardal vekur efasemdir meðal íbúa við dalinn.


Tillagan snýst um að byggð verði fimm smáhýsi fyrir heimilisláusa um fimmtíu metra frá suðausturhorni Fjölskyldu- og húsdýragarðsins. Lóðin er að hluta til þar sem nú er malarplan ofan Engjavegar.

Eitt af grunnmarkmiðum aðalskipulags Reykjavíkur er húsnæði fyrir alla. Í kaflanum Borg fyrir fólk kemur fram: „Leitast verði við að tryggja fjölbreytt framboð húsgæða og búsetukosta fyrir alla félagsþópa,“ og er vitnað til aðalskipulagsins í inngangi að greinargerð með tillögunni.

Þá kemur fram að smáhýsin fimm verði allt að 35 fermetrar hvert. Velferðarsvið borgarinnar sé að leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum sem búsetuúrræði fyrir skjólstaðinga sína. Ekki sé gert ráð fyrir að þessi búseta verði varanleg á lóðinni sem er 1.850 fermetrar.

„Leitast skal við að staðsetja húsin með bili á milli þeirra, eða það sem hentar skjólstaðingum, svo hvert og eitt þeirra hafi möguleika á skjólsælu og og sólríku útsvæði,“ segir áfram. „Gera skal ráð fyrir trjám og gróðri við hönnun lóðarinnar. Frágangur verður snyrtilegur og hæfir íbúðarhúsnæði, með hellulögðum gangstígum og grasþökum.“

Lilja Sigrún Jónsdóttir, formaður Íbúasamtaka Laugardals, óskaði í tölvupósti til borgarinnar 2. apríl eftir því að frestur til að skila inn umsögn um breytinguna sem



Ekki er gert ráð fyrir varanlegri búsetu á nýrri lóð fyrir heimilisláusa ofan við Húsdýragarðinn. FRÉTTABLAÐID/ANTON

Ég trúir ekki öðru en að það verði endurskoðað.

Lilja Sigrún Jónsdóttir, formaður Íbúasamtaka Laugardals

renna átti út í dag, þann 15. apríl, yrði framlengdur fram á sumar eða haust. „Öbreytt afgreiðsla hennar, í samkomubanni sem hamlar fundahöldum fólks, er ekki forsvaranleg að okkar mati,“ segir í bréfinu.

„Það hafa heyrst raddir íbúa sem vilja óska eftir opnum íbúafundi um málið, enda er um mikla

breytingu á fyrra skipulagi dalsins að ræða,“ segir í bréfinu. Stjórn íbúasamtakanna óski eftir að fá kynningarfund með íbúum þegar aðstæður í samfélaginu leyfa það vegna COVID-19.

Ósk Lilju var tekin fyrir á fundi skipulagsfulltrúa 3. apríl. Þar var samþykkt að framlengja frestinn um tveir vikur, eða frá 15. apríl fram til 29. apríl, en ekki fram í sumarlok eða til haustsins.

„Ég trúir ekki öðru en að það verði endurskoðað,“ segir Lilja við Fréttablaðið um ákvörðunina um aðeins tveggja vikna aukafrest. Vegna COVID-19 hafi ekki náðst að ljúka

naudsynlegu samtali um tillöguna.

Lilja undirstrikar að viðhorf íbúanna markist ekki af því hverjir eigi að búa í smáhýsunum enda geri samtökin ekki athugasemdir við smáhýsi á tveimur öðrum stöðum í hverfinu.

„Laugardalur er ein af þeim takmörkuðu auðlindum sem við höfum í borginni og íbúasamtökin hafa alltaf viljað að þar vandi menn sig sérstaklega vel,“ segir Lilja. „Við höfum áhyggjur af því að allt í einu á að fara að breyta deiliskipulaginu til að setja niður íbúðarhúsnæði inni á svæðinu þar sem enginn hefur átt að fá að búa.“ gar@frettabladid.is

# REYKJAVÍK SÍÐDEGIS

Borgeir, Kristófer, Þórdís og Bragi fara yfir málefni líðandi stundar.

ALLA VIRKA DAGA MILLI 16:00 OG 18:30.



BYLGJAN  
989

# Það er frítt á könnunni hjá Kvikk!



Við bjóðum þér og þínum upp á rjúkandi heitt og frítt kakó og kaffi á næstu Kvikk-stöð Orkunnar. Verið velkomin.

**Kvikk**  
ON THE GO



# Skilvirk mannúð



Aðalheiður Ámundadóttir

adalheidur@frettabladid.is

Íslendingum er almennt frekar vel við útlendinga. Við kennum börnunum okkar að elska náungann og sýna fólki kærleika óháð því hvernig það lítur út og hvaðan það kemur.

Þessi viðhorf Íslendinga hafa því miður ekki endurspeglast í íslenski löggjöf og því síður í framkvæmdinni, sem er siendurtekið upp á kant við siðferðisvitund íslensku þjóðarinnar. Ekki síst æskunnar, sem hefur ítrekað gripið til aðgerða til að berjast fyrir lífi og velferð bekkjarsystkina sinna og vina sem komið hafa hingað í von um betra líf.

Í orði kveðnu hafa flestir íslenskir stjórnmálaflokkar aðhyllt mannúðlega stefnu í útlendingamálum. Samt sem áður hefur þeim reynt ómögulegt að móta útlendingastefnu sem samræmist viðhorfum Íslendinga. Stefnan er gersneydd þeirri mennsku sem börnin okkar hafa og framkvæmd hennar bætir engu við mannúðina heldur þvert á móti.

Ekki dugði nýleg þverpólitísk endurskoðun laganna til, því nýju lögín hafa hvorki breytt þröngri túlkun stjórnvalda á réttarstöðu fólks né framúrsteftunegum hugmyndum um það ógnarástand sem geisa þarf í ríkjum til að þau teljist ekki örugg til búsetu.

Þjóðin var því áfram upp á kant við stjórnvöld. Um helgina var lagt fram frumvarp sem ætlað er að bregðast við vanköntum nýju laganna. Þar er þó litið annað gert en að troða í þær fáu glufur sem fundist hafa á þeim rammgerða múr sem byggður hefur verið um landið.

Í frumvarpinu er fjallað um mikla fjölgun umsækjenda um alþjóðlega vernd, ekki síst frá borgurum svokallaðra örugga ríkja. Við þessu þurfi að bregðast með aukinni skilvirkni; hugtaki sem kemur sautján sinnum fyrir í frumvarpinu. Þá er helsta dygð þjóðarinnar gerð að lesti í frumvarpinu, sem hefur einnig það markmið að leiðrétta þann leiða misskilning sem borist gæti umheiminum til eyrna, að Íslendingar séu kærleiksrik þjóð sem bjóði fólk velkomið.

„Ástæða þykir til að breyta íslenski löggjöf til samræmis við löggjöf og viðmið nágrannabjóða okkar svo að löggjöfin sjálf verði ekki aðalástæða þess að fólk leitar hingað til lands eftir alþjóðlegri vernd en þannig má draga úr fjölgun umsókna.“

Það hefur valdið okkur uppaldum vaxandi erfiðleikum að skýra ástæður þess fyrir börnunum okkar að saklausum jafnöldrum þeirra sé sífellt varpað á dyr af íslenskum stjórnvöldum. Okkur skortir dæmi um að útlendingar séu einhvers konar plága hér á landi sem stemma þurfi stígu við. Við erum þrátt fyrir allt vel stað þjóð og þar að auki í hópi tíu strjálbýlustu ríkja heims, þannig að ekki er plássleysinu fyrir að fara. Og þótt dæmi séu reyndar um að glæpamennirnir okkar hafi orðið fyrir búsiþjum vegna erlendra starfsbræðra sinna í íslenskum undirheimum hafa aðrir ekki kvartað undan útlendingum sérstaklega, nema Útlendingastofnun.



Okkur skortir dæmi um að útlendingar séu einhvers konar plága hér á landi sem stemma þurfi stígu við.

## Halldór



## Frá degi til dags

**Útskýringa þörf**  
Forfallnir Júrövísonaðá-endur þurfa ekki að örvænta þó að keppnin þar sem við hefðum loksins unnið hafi verið blásin af í ár. Á laugardaginn hefst nefnilega þátturinn Alla leið í Ríkissjónvarpinu. Fyrir þá sem eru eitt stórt spurningarmerki þá er það þátturinn þar sem spekulantar spekulera í tveggja metra fjarlægð um sigurmöguleika einhvers glamúrs frá Möltu, óláta frá San Marinó og skrattagangs frá Jugo-slavíu. Sem betur fer verður Jóhannes „útskýrari“ Skúlason með í þáttunum til að útskýra þetta allt fyrir okkur sem ekki skiljum.

**Áfram, Gúndi!**  
Guðmundur „Gúndi“ Franklin Jónsson, sérfræðingur Útvarps Sögu í ýmislegu og verðandi forsetaframbjóðandi, er sár yfir að á þessum vettvangi í gær hafi verið gefið í skyn að sigurlíkur hans í forsetaköslunum séu ekki yfirgnæfandi. Heldur þvert á móti litlar sem engar. Er Gúndi hér með beðinn afsökunar á þessum misskilningi og hann eindregið hvattur til að lýsa yfir framboði. 400 milljónir hvað? Sjónvarpskappráður milli sitjandi forseta og Gúnda eru augljóslega það sem þjóðin þarf til að lyfta sér upp úr þessu kórónupunglyndi. [arib@frettabladid.is](mailto:arib@frettabladid.is)

## Takk, Vigdís!



Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra

Vorið 1980 sat 6 ára stúlka í kjöltu langömmu sinnar og ræddi stóru mál lífsins. Langamma spurði hvern stúlkan ætlaði að stýðja í forsetaköslunum sem voru þá á næsta leiti. Stúlkan sagðist halda með Alberti Guðmundssyni, enda hefði hún mikinn áhuga á íþróttum. Langamma brást ókvæða við og sagði sögulegt tækifæri blasa við Íslendingum, sem gætu orðið fyrstir í sögunni til að velja konu sem þjóðhöfðingja. Við stelpurnar ættum að standa saman, ekkert annað kæmi til greina. Þá væri einnig frambjóðandinn, Vigdís Finnbogadóttir, einstök hæfileikakona og myndi sóma sér vel á Bessastöðum. Langamma var svo sannfærandi og ákveðin að stúlkan ákvað að fylgja langömmu sinni að máli, eins og svo oft áður.

Langamma reyndist sannspá og forsetatið frá Vigdísar Finnbogadóttur varð söguleg. Framlag Vigdísar til jafnréttismála var ómetanlegt, bæði á Íslandi og heimsvísu. Með sigri í lýðræðislegum kosningum braut hún glerþak sem engin kona hafði áður gert. Þá hefur ástríða Vigdísar fyrir íslenski tungu verið afar dýrmæt, enda kenndi hún okkur betur en aðrir að meta samspil tungumáls og menningar. Jafnframt jók hún mjög hróður Íslands á alþjóðavettvangi, því þar sem Vigdís talaði var hlustað. Fleira mætti telja til, svo sem baráttu hennar fyrir skógrækt og umhverfismálum og að tengja saman kynslóðir með framsýni.

Langamma mín hefði orðið 110 ára í ár. Hún rak matstofu í Adalstræti 12 og var virk í verkalyðsbaráttunni, alla sína tíð. Hún hafði mikil áhrif á mig og alla fjölskylduna. Ég á henni mikið að þakka fyrir að halda mér stöðugt við efnið og sjá samhengi hlutanna. Þær Vigdís eiga það sameiginlegt að hafa gert kraftverk í lífi fólksins í kringum þær, jafnvel við aðstæður sem virtust óyfirtiganlegar. Þessi kynslóð formæðra okkar einkenndist af viljastyrk og þrautseigju sem fleytti henni yfir skerin og heilli í höfn.


Frú Vigdís Finnbogadóttir, til hamingju með daginn! Ég vil þakka þér fyrir ómetanlegt starf, forystu og að hafa vísað okkur veginn.



Framlag Vigdísar til jafnréttismála var ómetanlegt, bæði á Íslandi og heimsvísu.

## BYRJAÐU DAGINN MEÐ FRÉTTABLAÐINU

Lestu Fréttablað dagsins í snjalltækinu þínu, hvar og hvenær sem er!



Sæktu Fréttablaðsappið frítt!





# Joyeux anniversaire, chère Vigdís!



**Margrét Helga Hjartardóttir**  
formaður  
Félags frönskukennara á Íslandi



**Hrefna Clausen**  
frönskukennari  
við Fjölbrotaskóla Suðurlands

Þegar Vigdís Finnbogadóttir setti upp hvíta kollinn vorið 1949 óraði líklega engan fyrir hvaða veg hún átti eftir að feta í lífinu. Ólíkt mörgum kynsysturum sínum á þessum tíma lét nýstúdentinn Vigdís sér ekki nægja skrifstofuvinnu eða annað starf sem þótti henta stúlkum með glæsilegt próf frá Menntaskólanum í Reykjavík. Þess í stað hélt hún rakið á framandi slóðir og stundaði nám í Frakklandi um nokkurra ára skeið.

Allir sem reynt hafa vita hversu mikil eldskírni það er að setjast á skólabeck í erlendum háskóla þar sem kennt er á framandi tungumáli. Fyrstu vikurnar geta reynt

strembnar og freistandi að leggja árar í bát, en sigurinn verður því meiri þegar málið lýkst smám saman upp og nýtt og spennandi menningarsamfélag opnast. Þetta reyndi Vigdís á eigin skinni og sló margar flugur í einu höggi með því að leggja stund á franska tungu og menningu, með sérstakri áherslu á leiklistarsögu. Margar flugur, er óhætt að segja, því franskan er töluð svo víða um heim og er opinbert tungumál landa í hvorki meira né minna en fimm heimsálfum. Þar að auki er löng hefð fyrir frönskukennslu í fjölmörgum löndum og franska enn þann dag í dag annað skólamál á eftir ensku. Frönskukunnáttan reyndist Vigdís dýrmætt veganesti í störfum sínum síðar á lífsleiðinni, lykill að ótal ólíkum menningarssvæðum.

Að loknu námi í Frakklandi kenndi Vigdís frönsku um árabíl, bæði í Menntaskólanum í Reykjavík og Menntaskólanum við Hamrahlíð. Margir fyrirverandi nemendur hafa þakkað henni góða og skemmtilega kennslu og sjálf hefur Vigdís oft sagt hve kennslustörf voru henni gefandi. Frönskukennsla Vigdísar í Ríkissjónvarpinu á árunum 1970-71 vakti mikla athygli. Þar birtist frumkvöðullinn Vigdís á splunkunýjum sjónvarpsskjáum landsmanna í fylgd Frakkans Gérard Vautey og saman leiðbeindu þau þjóðinni um



Þegar horft er til baka er aðdáunarvert að frönskukennsla Vigdísar í íslensku sjónvarpi hafi náð svo mikilli hylli sem raun ber vitni.

franska málnotkun og framburð. Þættirnir voru í grunninn franskir og mjög vandaðir sem sást m.a. á því að leikarar frá hinu virta leikhúsi la Comédie-Française léku sýndæmi. Vigdís og Gérard aðlöguðu þættina að íslenskum áhorfendum á skemmtilegan og liflegan hátt, voru óhrædd við að hlæja og leika sér með tungumálið, en slík framkoma þáttastjórnenda hafði varla sést áður í íslensku sjónvarpi. Þarna var Vigdís svo sannarlega í essinu sínu og fléttu að saman leikræn tilþrif, franska tungu og menningu.

Þegar horft er til baka er aðdáunarvert að frönskukennsla Vigdísar í íslensku sjónvarpi hafi náð svo mikilli hylli sem raun ber vitni. Haft er fyrir satt að áhugasamir nemendur á öllum aldri hafi setið límdir við skjáinn. „Bonjour, ça va?“ bergmálaði í íslenskum stofum víða um land og vinsældir þáttanna urðu svo miklar



að þeir voru endursýndir ári seinna. Fyrir að vekja svo mikla athygli á franskri málakennslu, óbilandi trú og áherslu á gagnsemi tungumálakunnáttu í lífi og starfi, verður Félag frönskukennara ævarandi þakklátt sínum kæra heiðursfélaga, Vigdís Finnbogadóttur.

Nú fagnar Vigdís níráðisafmæli, ótrúlegt en satt. Ef marka má orð hennar sjálfar í kringum áttáttisafmælið í apríl 2010 væri réttara að segja að hún sé orðin fjórum sinnum tvítug og tíu árum betur. Þar vísaði Vigdís með glettni í franska talna-

ferfið þar sem 80 er vissulega 4 x 20 („quatre-vingts“) og fyrir áhugasama skal áréttað að til að mynda töluna 90 á frönsku er tíu skeytt við herlegheitin („quatre-vingt-dix“). Við í Félagi frönskukennara á Íslandi samfögnum Vigdís á þessum merku tímamótum og færum henni okkar bestu árnáðaróskir um leið og við biðjum þjóðina að segja með okkur hátt og skýrt: „Joyeux anniversaire, chère Vigdís!“

F.h. FFÍ, Margrét Helga Hjartardóttir og Hrefna Clausen

## Berjumst saman gegn COVID-19



**Jin Zhijian**  
sendiherra Kína  
á Íslandi

Síðan útbreiðsla COVID-19 faraldursins hófst, hef ég fylgst náið með útbreiðslu faraldursins og fylgst með daglegum blaðamannafundum almanna. Það veldur mér áhyggjum að fylgjast með hinni hröðu útbreiðslu faraldursins í Evrópu og Bandaríkjunum, og það er hryggilegt að verða vitni að fjölda þeirra öldruðu, ungu og jafnvel barna sem láta lífið. Sem íbúi í hinu alþjóðlega mannkynsþorpi og sem sendifulltrúi, finn ég til mikillar ábyrgðar í þessari baráttu.

Á undanförunum vikum höfum við sem störfum í sendiráðinu lagt mikið á okkur við að aðstoða Íslensk heilbrigðisyfirvöld við kaup á bráðnaðsynlegum hjúk-

unar- og lækningavörum frá Kína, og fylltumst við gleði þegar fréttir bárust af því að fyrstu 17 tonninn hefðu komið til landsins þann 9. apríl. Okkur hefur einnig tekist að komast í samband við fyrirtæki og stofnanir í Kína sem hafa lofað að gefa bæði andlitsgrímur og annan búnað til Íslands. Við vonum einlælega að viðleitni okkar komi að góðum notum í baráttu Íslands gegn farsóttinni, og nái bæði að bjarga mannlífum og vernda heilbrigðisstarfsfólk í fylkingarbrjósti baráttunnar.

Ég hef einnig tekið eftir að sumir fjölmiðlar og almenningur hefur líka fylgst náið með útbreiðslu faraldursins í Kína. Sumir hafa aðra sýn en við á það hvort vírusinn átti upptök sín í Kína, og hvort kínversk yfirvöld hafi brugðist nægjanlega snögg við í upphafi og upplýst heimsbyggðina um stöðu mála. Kínversk stjórnvöld hafa gripið til fordæmalausra aðgerða gegn COVID-19 og hefur kínversk alþýða fært gríðarlegar fórnir, sem hafa á skömmum tíma hjálpað til

við að hefta útbreiðslu faraldursins í þessu stærsta þróunarríki heims með 1,4 milljarða íbúa. Með þessum aðgerðum hefur Kína lagt sitt af mörkum til að tryggja lýðheilsu jarðarbúa.

Nú um stundir stendur Kína frammi fyrir því að hindra að smit berist aftur til landsins og valdi annarri bylgju farsóttarinnar, og við verðum öll að vera mjög á varðbergi. Kína var fyrsta landið til að tilkynna smit afvöldum „Nýju kórónaveirunnar“ til WHO, Alþjóðheilbrigðismálastofnunarinnar, þegar útbreiðslan hófst í Wuhan borg, en það þýðir samt ekki endilega að uppruni vírusins hafi verið í Wuhan. Leitinn að uppruna vírusins ætti að vera í höndum til þess bærra vísindamanna og heilbrigðisstarfsmanna. Engin niðurstaða er enn komin í leitina að uppruna veirunnar, en það mun vonandi koma í ljós með tímanum. Síðan faraldurinn hófst hefur Kína brugðist við með opnum og ábyrgum hætti með því að deila gagnlegum upplýsingum, þekkingu og reynslu

með umheiminum. Viðbrögð Kína hafa vakið athygli víða og hlotið lof og viðurkenningu frá bæði WHO og alþjóðasamfélaginu. Allar tilraunir til að varpa sök á Kína eða tilraunir stjórnvaldafla til að nýta sér COVID-19 faraldurinn í pólitískum tilgangi og kenna öðrum um hægir ekki á útbreiðslunni og er ekki hægt að nota sem afsökun fyrir aðgerðaleyfi af hálfu sumra stjórnvaldanna.

Veirur virða engin landamæri, kynþætti eða þjóðfélagsgerðir. Faraldurinn æðir yfir heiminn og mannkynið hefur mög skamman tíma til að bregðast við. Alþjóðasamfélagið ætti að standa þétt saman til að vinna bug á vandanum í stað þess að vantreysta og munnhöggvast hvert við annað. Aðgerðir eru nauðsynlegri en innantóm loforð. Kína hefur sýnt að það er viljugt til að vinna með öllum þjóðum í hinni sameiginlegu baráttu gegn COVID-19.

Um þessar mundir hafa kínversk stjórnvöld dreift, eða eru að dreifa, lækninga- og hjúkrunarvörum til

127 þjóðríkja og fjögurra alþjóðastofnana og hefur varningurinn t.d. innihaldið skurðstofugrímur, hlífðar- og prófunarbúnað. Kína hefur veitt WHO 20 milljóna dala fjárhagsaðstoð, sent 13 hópa sérþjálfaðra heilbrigðisstarfsmanna til 11 landa, og haldið yfir 70 fjarfundi með þátttöku sérfræðinga frá yfir 150 löndum og alþjóðastofnunum. Kína hefur engan áhuga á svokallaðri „andlitsgrímu pólitík“. Við viljum leggja okkar af mörkum sem ábyrgt stórveldi í alþjóðasamfélaginu.

Aðeins með samstöðu og samvinnu mun mannkyninu takast að komast yfir þennan faraldur og öðlast aftur öruggt líf. Ég vonast til að yfirstandandi barátta leiði til þess að við öðlumst betri skilning á þeirri sýn að mannkynið sé samfélag með sameiginlega framtíð, og haldi áfram að vinna saman að framþróun og öryggi íbúa. Ég hlakka til þess dags þegar við náum að skilja þennan myrka tíma faraldurs að baki, og vinnum að endingu lokasigur yfir farsóttinni.



NÝTT

NÝTT

## MEIRI ORKA

### 20% AFSLÁTTUR Í NETVERSLUN LYFJU

Af munnspreyjum frá Better You

Sérstaklega hönnuð þannig að þau frásogast beint inn í blóðrásina og fari framhjá meltingarvegnum og tryggja þannig hámarks upptöku.

KÍKTU VIÐ Í NETVERSLUN LYFJU

LYFJA



#### STYRK TARÆÐILAR

Landsbankinn · Festi · Samtök atvinnulífsins · Bláa lónið · Félag hjúkrunarfræðinga · Verkfræðingafélag Íslands · Íslandsbanki · Lionsumdæmið á Íslandi · Rótarýumdæmið á Íslandi · Reginn · Foreningen Snorres venner, Noregi · Leikfélag Reykjavíkur · Morgunblaðið · ASÍ – Alþýðusamband Íslands · BSRB · Samband íslenskra sveitarfélaga · BHM – Bandalag háskólamanna · Bandalag íslenskra listamanna · Delta Kappa Gamma, félag kvenna í fræðslustörfum · Hótel Saga · Krabbameinsfélag Íslands · Félag háskólakvenna · STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi · Veritas · Hvíta húsið · Félag frönskukennara

#### SAMSTARFSÆÐILAR

Bandalag kvenna í Reykjavík · Barnaheill · Blindrafélagið · Exedra · Félag áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla · Félag heyrnarlausra · Félag kvenna í atvinnurekstri · Félag leiðsögumanna · Kennarasamband Íslands · Kvenfélagasamband Íslands · Kvenréttindafélag Íslands · Landgræðsla Íslands · Landvernd · Rithöfundasamband Íslands · Samhjálp kvenna · Samtök kvenna af erlendum uppruna · Samtök móðurmálskennara · Skógræktarfélag Íslands · UNIFEM á Íslandi/Unwomen · Yrkjusjóðurinn · Zontasamband Ísland

*Hjartanlega til  
hamingju með afmælið,  
kæra Vigdís*

Í tilefni dagsins bjóðum við þér og allri  
þjóðinni að njóta með okkur afmælisdagskrár  
í Ríkissjónvarpinu í kvöld kl. 20.00



Stjórnarráð Íslands




Reykjavíkurborg



HÁSKÓLI ÍSLANDS



STOFNUN  
VIGDÍSSAR FINNBOGADÓTTUR  
Í ERLENDUM TUNGUMÁLUM



HARPA



RÚV

# TÍMAMÓT



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalamma,

## Guðrún Sigríður Óskarsdóttir

lést á öldrunarheimilinu Hlíð 8. apríl. Jarðarförin fer fram 16. apríl í kyrrþey vegna aðstæðna. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á öldrunarheimilið Hlíð.

Svandís Gunnarsdóttir  
Ósk Ársælsdóttir  
Þorbjörg Ársælsdóttir  
Vigdís Sigrún Ársælsdóttir  
Magnús Ársælsdóttir  
Hreggviður Ársælsdóttir

Einar Árnason  
Kjartan Heiðberg  
Valdimar Sigurjónsson  
Kristján Ármannsson  
Elisabet Arnósdóttir  
Berglind Ingólfssdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur sonur okkar, bróðir og barnabarn,

## Fróði Ploder

Einarsnesi 66,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans 7. apríl. Útförin mun fara fram í kyrrþey en minningarstund verður auglýst síðar.

Svafa Arnardóttir  
Björgvin Ploder  
Sindri Ploder  
Örn Karlsson  
Rósa Hilmarsdóttir

Jóhanna Kristín Jónmundsdóttir



Ástkær eiginmaður og faðir okkar,

## Kjartan Lárus Pálsson

sem lést föstudaginn 3. apríl, verður jarðsunninn á fimmtudaginn 16. apríl klukkan 15.00. Sökum samkomubanns geta eingöngu nánasta fjölskylda og vinir hins látna verið viðstödd athöfnina.

Hins vegar verður athöfninni streymt beint á netinu á slóðinni <https://livestream.com/accounts/11153656/events/9078628/player>. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vildu minnst hans er bent á Samtök lungnasjúklinga.

Fyrir hönd aðstandenda,  
Jónína Sigurlaug Kristófersdóttir  
Dagbjört Lilja Kjartansdóttir Bergmann  
Jón Bergmann Kjartansson Ransu



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

## Guðrún Ragna Pálsdóttir

Lautasmára 1, Kópavogi,

lést laugardaginn 11. apríl á líknardeild LSH í Kópavogi. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu mun kistulagning og bálför fara fram með nánustu aðstandendum. Minningarathöfn mun fara fram síðar og verður auglýst.

Gunnar Páll Guðbjörnsson  
Björgvin Jens Guðbjörnsson  
Rafnar Þór Guðbjörnsson

Steinunn G. Jónsdóttir  
Guðrún Á. Eðvarðsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

## Kristín Gunnlaugsdóttir

Bodapíngi 14, áður Mariubakka 32,

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans 11. apríl. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu verður útförin aðeins fyrir nánustu aðstandendum en minningarathöfn verður haldin síðar. Fjölskyldan þakkar starfsfólki 11G fyrir dásamlegt viðmót og kærleiksrika umönnun.

Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Kvenfélag Hringsins.

Gretar Franklínsson

Kristinn Gretarsson  
Steinunn Gretarsdóttir  
Franklín Gretarsson

Valgerður Vigfúsardóttir  
Steinar Geir Agnarsson  
Jóhanna Friður Bjarnadóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Móðir mín, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

## Guðrún Jónsdóttir

frá Deildartungu,  
Birkigrund 63,

lést aðfaranótt 13. apríl sl. Útför hennar mun fara fram í kyrrþey en minningarathöfn verður haldin síðar.

Jón Finnbjörnsson  
Guðrún Hrönn Jónsdóttir  
barnabarnabörn  
Ragnheiður Jónsdóttir

Erla S. Árnadóttir  
Birna S. Jónsdóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

## Guðný G. H. Marinósdóttir

textillistakona og kennari,  
Löngumýri 34, Akureyri,

lést á heimili sínu, að morgni páskadags.

Rúnar Sigþórsson  
Heiðar Þór Rúnarsson  
Oddur Már Rúnarsson

Birna Málmfríður Guðmundsd.

Iona Morris

og barnabörn.



Hjartkær eiginmaður minn, faðir og afi,

## Steingrímur Baldursson

prófessor,  
Sléttuvegi 29, Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans aðfaranótt 2. apríl 2020. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu fór útförin fram í kyrrþey.

Fríða Vala Ásbjörnsdóttir

Baldur Steingrímsson  
Héðinn Steingrímsson  
Gunnar Steingrímsson

Mayel Yopez  
Anna Stollberg

Steingrímur, Jon, Lilja, Kristý, Ívar og Aron



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

## Sólveig Þórunn Hervarsdóttir

Hraunbæ 111, Reykjavík,

lést 11. apríl. Vegna ástandsins í samfélaginu fer útförin fram í kyrrþey.

Rúnar Garðarsson  
Linda Hildur Leifsdóttir

Leifur Ásgrímsson

Rochell Garðarsson

Óskar Sigvaldason

ömmubörn og langömmubörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir og stjúpfaðir,

## Guðni Magnús Sveinsson

Leirubakka 28, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans 8. apríl.

Guðrún Gísladóttir  
Guðgeir Magnússon  
Gíslí Ragnarsson  
Kristín Lára Ragnarsdóttir

Unnur Berg

Guðbjörg Ósk Baldursdóttir

Tómas Örn Stefánsson

og aðrir aðstandendur.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

## Anna G. Stephensen Egilsdóttir

Laugarnesvegi 53,

lést 8. apríl á hjúkrunarheimilinu Sóltúni.

Egill Stephensen  
Stefán Stephensen

Guðrún K. Aðalsteinsdóttir

Íris Stephensen

Gunnlaugur Hans Stephensen  
Aðalsteinn Stefán Stephensen



Ástkær faðir minn,

## Aðalsteinn Guðlaugsson

Rauðalæk 50, Reykjavík,  
andaðist á Vífilsstaðaspítala þann 29. mars sl.  
Útför hefur farið fram í kyrrþey.

Sólveig Aðalsteinsdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

## Ásdís Línal Hafliðadóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Grund 8. apríl. Í ljósi aðstæðna verður útförin aðeins fyrir nánustu aðstandendum en minningarathöfn verður haldin síðar. Starfsfólki á Minni-Grund þökkum við kærleika og hlýju.

Hafliði Nielsen Skúlason  
Snorri Már Skúlason  
Svava Skúladóttir

Valdís Kristjánsdóttir

Ragnar Bogason

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir mín, amma og langamma,

## Jóhanna Sigurborg Sigurðardóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Skjólí 1. apríl sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Sigurður Þorkelsson  
Jóhanna Iris  
Hinrik Frank  
Frank Pétursson  
Patrik Óli Pétursson

Irina Barinova



Elsku maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

## Þórhallur Jónsson

hússamiðameistari,  
Háaleitisbraut 145,

andaðist að kvöldi páskadags 12. apríl á hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Jarðarförin fer fram í kyrrþey föstudaginn 24. apríl.

Guðmunda Guðmundsdóttir  
Þórir Þórhallsson  
Guðmundur Þórhallsson  
Jóhanna V. Þórhallsdóttir

Sólveig S. Kristinsdóttir

Ingibjörg Sivertsen

Óttar Guðmundsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku sonur, pabbi, bróðir og mágur,

## Gunnar Viking Ólafsson

Blikahólum 2,

lést á líknardeild LSH í Kópavogi aðfaranótt 6. apríl 2020. Útför Gunnars fer fram þann 17. apríl frá Digraneskirkju kl. 13.00. Í ljósi aðstæðna mun útför hans fara fram í kyrrþey. Fjölskylda Gunnars vill koma á framfæri sérstöku þakklæti til lækna og starfsfólks líknardeilda fyrir hlýju og alúð við umönnun hans.

Elisabet Elsa Gunnarsson  
Alexandra Elisa Gunnarsdóttir  
Sylvia Rose Gunnarsdóttir  
Simon Már Ólafsson  
Eggert Lindberg Ólafsson  
Jóhanna Ólafsdóttir

Hallgerður Kristinsdóttir

Natalia Ólafsdóttir

Ásgeir Halldórsson

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5055.

**HEIMILI**

MIDVIKUDAGUR 15. APRÍL 2020

Heimili



# Óþægindi í blöðrunni hurfu með Pro-Cyan

Óþægindi í þvaggfærum eru eitthvað sem margir þekkja en sýking af völdum þarmabaktería er langalgengasta orsök blöðrubólgu og þá sérstaklega hjá konum. Hvernig skyldi annars standa á því að við fáum blöðrubólgu? ➔2

Elisabet Jónsdóttir, 51 árs kennari, hefur góða reynslu af Bio-Kult Pro-Cyan en öll einkenni hurfu eftir að hún byrjaði að taka það inn.

**NÝTT**

## B-complete munúðaðasprey


Sérvalin blanda sem inniheldur öll átta B-vítamínin sem öll styðja við náttúrulega orkuframleiðslu.

Bragðgóður munnúði með náttúrulegu ferskju, plómu og hindberjabragði.



Umbúðir endurunnar úr plasti úr sjónum.

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.



BetterYou

## Framhald af forsiðu →

Í daglegu tali er oftast talað um þvagfærasýkingar sem blöðrubólgu en ástæða þessara sýkinga er að bakteríur, sem oftast eru *E. coli* bakteríur, komast í þvagið gegnum þvagrásarop og fara að fjölga sér í þvagblöðrunni. Þrátt fyrir að líkaminn sé þannig hannaður að hann ver okkur gegn flestum bakteríum, þá geta þessar varnir brugðist. Algengast er að við fáum sýkingu í neðri hluta þvagfærananna, í þvagrás og blöðru, en svo geta þær náð lengra upp og alveg upp í nýrun sem er þá orðið mun alvarlegra.

**Brunatilfinning og tíð þvaglát** þvagfærasýkingar geta verið ein-kennalausar en þegar svo er ekki geta einkennin verið:

- Tíð þvaglátapörf
- Brunatilfinning við þvaglát
- Erfitt að losa þvag, kemur í litlum bunum
- Þvagið virðist skýjað/gruggugt
- Litað þvag/sterk lykt af þvagi
- Verkir geta verið fyrir ofan lífbein

Elisabet Jónsdóttir, þriggja barna móðir og kennari, þekkir vel einkennin og hefur þessa sögu að segja af Bio-Kult Pro-Cyan:

„Ég á mér langa sögu um óþægindi á blöðrusvæði. Ég hef margoфт fengið blöðrubólgu og þvagfærasýkingu og hef oft þurft að taka inn sýklalyf. Ég fékk tvívegis sýkingu núna undir lok ársins 2019 og tók sýklalyf í bæði skiptin. Ég var þrátt fyrir það alltaf með óþægindi á blöðrusvæðinu, tilfinningu eins og ég væri alveg að fá aftur sýkingu og var eiginlega að biða eftir að sýkingin kæmi aftur, því ég var svo aum í blöðrunni sjálfri og með verki þar. Síðan ég fór að taka Bio-Kult Pro-Cyan og hef ég ekki fundið óþægindi í blöðrunni fyrir utan að í nokkra daga tók ég það ekki og fann strax óþægindin aftur, svo ég hef tekið það síðan og finn ekki fyrir neinu. Allt er eðlilegt.“



Elisabet er himinlifandi með árangurinn sem hún hefur náð með inntöku á Bio-Kult Pro-Cyan.

**Konur frekar en karlmennt**

Helstu ástæður þess að konur eru mun útsettari fyrir þvagfærasýkingum en karlar eru m.a.:

- Liffærðilegar. Styttri þvagrás en hjá karlmönnum og því styttra fyrir bakteríur að komast upp í þvagblöðruna og þvagrásarop þeirra liggur nálægt endaparmsopinu.
- Kynhegðun. Konur sem eru kynferðislega virkar hafa meiri tilhneigingu en aðrar til að fá sýkingar. Nýir bólfélagar geta líka aukið á hættuna.
- Ákveðnar tegundir getnaðarvarna: Konur sem nota hettuna eru líklegri til að fá þvagfærasýkingu sem og konur sem nota sæðisdrepani krem.
- Breytingaskeið. Eftir breytingaskeiðið dregur úr estrogenframleiðslu sem veldur breytingu á þvagfærum og gerir þau útsettari fyrir sýkingum.

**Forvarnir og meðhöndlun**

Þegar vægari þvagfærasýkingar (í

neðri hluta þvagfæra) eru meðhöndlaðar í tíma, eru fylgikvillar litlir sem engir. Ýmislegt er hægt að gera til að minnka líkurnar á því að fá sýkingu í þvagrásina og koma hér nokkur ráð:

- Drekkja nægan vökva, helst vatn. Þannig verður þvaglosun tíðari sem veldur því að bakteríur skolast út áður en þær nálgast blöðruna.
- Drekkja trönuberjasafa. Þrátt fyrir að ekki séu til rannsóknir sem sýna að hann sé fyrirbyggjandi, getur hann ekki skaðað.
- Konur ættu að þurrka sér í áttina frá þvagrásaropinunni og aftur að endaparmsopinu til að forðast að bakteríur frá endaparmi fari í þvagrásina. Hafa þvaglát strax eftir samfarir.
- Forðast vörur sem hugsáðar eru fyrir kynfærin á kvenfólki t.d. svitalyktarsprey og mögulega sápur og önnur efni sem geta valdið ertingi.
- Velja getnaðarvarnir af kostgæfni.

“Síðan ég fór að taka Bio-Kult Pro-Cyan hef ég ekki fundið óþægindi í þvagblöðrunni.

Elisabet Jónsdóttir, 51 árs

**Einkaleyfisvarið innihalds efni í Bio-Kult Pro-Cyan**

Í Pro-Cyan eru tveir örverustofnar: *L. acidophilus* PXN 35 & *L. plantarum* PXN 47 og hefur reynslan sýnt að þeir séu verulega bakteríudrepandi og geti hamlað vexti *E. coli* og *Enterococcus faecalis* sem eru algengasta orsök þvagfærasýkinga.

**Söluastaðir:**  
Flest apótek, heilsuþúðir og heilsuhillur verslana

Cranmax® er einkaleyfisvarin vinnsluáferð á trönuberjum þar sem tryggð er að öll virk efni trönuberjanna séu til staðar og einnig að þau lifi af ferðalagið gegnum meltingarveginn til að tryggja hámarks upptöku. Virka innihaldsefnið PAC-A sem finnst eingöngu í trönuberjum hefur verið rannsakað frekar og benda niðurstöður til þess að inntaka á 36 mg daglega geti dregið töluvert úr líkum á endurteknum sýkingum. Það er einnig góð vísbending um að stærri og frekari rannsókn sé þörf. Í Pro-Cyan erum 500 mg af Cranmax® sem inniheldur 36 mg af PAC-A.

A-vítamín stuðlar að eðlilegri starfsemi ónæmiskerfisins og viðhaldi eðlilegrar slímhúðar en heilbrigð slímhúð veitir vernd gegn utanaðkomandi bakteríum. Þessi þrívirkja blanda örverustofna, A-vítamíns og trönuberjaþykknis hefur reynst mörgum vel, hvort sem um er að ræða sem fyrirbyggjandi meðferð eða gegn vægum sýkingum sem eru á byrjunarstigi. Pro-Cyan hentar sérstaklega vel fyrir ófrískar konur og mega börn einnig taka það en þá er mælt með hálfum skammti.

# Fótaóeirð horfin og ég fæ góðan nætursvefn

Soffía Káradóttir hafði lengi verið með fótaóeirð og átt erfitt með að sofa vegna þess en eftir að hún fór að taka inn Melissa Dream er vandamálið úr sögunni.

Melissa Dream er vísindalega samsett jurtablanda, hönnuð til að stuðla að djúpri slökun og værum svefni. Blanda inniheldur jurtir, amínósýrur, vítamín og steinefni sem hafa ekki sljövngandi áhrif.

Svefninn er okkur gríðarlega mikilvægur til þess að við getum tekist á við erill dagsins og staðist þá streitu sem fylgir daglega lífinu. Svefninn er að stærstum hluta eins uppbyggður og á sama formi hjá öllum sem sofa eðlilega og ótruflað. Álitid er að REM-svefn og djúpsvefn séu mikilvægustu svefnstigin en þau ættu að ná yfir u.þ.b. 45-50% af öllum nætursvefni. Fullorðinn einstaklingur þarf að meðaltali 7-8 klst. svefn og ef það gengur ekki eftir getur það haft neikvæð áhrif á almenna líðan, fjölskyldu-, félags og atvinnulíf.

**Loksins góður nætursvefn**

Soffía Káradóttir þekkir Melissa Dream og ber því vel söguna: „Ég



“Ég tek tvær töflur fyrir svefninn og innan hálf tíma er öll fótaóeirð farin og ég fæ góðan nætursvefn.”

Soffía Káradóttir

hef lengi verið með fótaóeirð sem hefur aukist með árunum og mér hefur reynst erfitt að sofa nógu vel vegna þess. Eftir að ég byrjaði að taka Melissa Dream hefur þetta algjörlega breyst. Ég tek tvær töflur fyrir svefninn og innan hálf tíma er öll óeirð farin og ég fæ góðan nætursvefn. Að mínu mati eru þetta tófratöflur sem ég gæti ekki verið án og hef ég nú tekið Melissa Dream reglulega í þrjú ár.“

**Einbeitingarskortur og offita**

Langvarandi röskun á svefni og svefnmynstri getur haft mjög alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar í för með sér. Einkenni svefnleysis eru m.a. þreyta yfir daginn, skapsveiflur og jafnvel þunglyndi og kvíði. Einbeiting versnar, slyshætta eykst og ýmis andleg og líkamleg vandamál. Sum einkenni geta líka dregið þann dilk á eftir sér að þau ýti undir frekara svefnleysi sem þýðir að við erum komin í vítahring sem þarf einhvern veginn að rjúfa.

**Vilt þú sofa betur?**

Það er ýmislegt sem hægt er að gera til að vinna bug á svefnleysi



Melissa Dream inniheldur náttúruleg efni sem hjálpa við slökun.

og gott að byrja á því að breyta einföldum hlutum í nærumhverfi okkar ef það á við. Gott getur verið að borða ekki 2-3 tímum áður en lagst er til hvílu og passa að drekkja ekki of mikinn vökva, bæði til að gefa meltingarfærunum hvíld og að losna við klósettferðir. Ekki taka tölvur eða síma með í rúmið og lágmarka alla notkun rafmagnstækja í svefnherberginu

sem á að vera vel loftað, myrkvæð og hljóðlætt. Náttúruleg bætiefni reynast mörgum vel og hefur Melissa Dream alveg slegið í gegn. Þetta bætiefni hefur m.a. fengið viðurkenningu frá National Nutrition in Kanada í flokki bestu fæðubótarefna gegn streitu. Melissa Dream inniheldur sítrónumelissu sem hefur verið notuð í aldaradír m.a. til að bæta svefn. Þar er einnig að finna L-theanine, amínósýru sem finnst í svörtu og grænu tei og hafa rannsóknir sýnt að hún hefur bein áhrif á heilann þar sem hún stuðlar að slökun án þess að hafa sljövngandi áhrif. Melissa dream inniheldur einnig fjölda vítamína og steinefna þar á meðal;

- B-6 vítamín sem stuðlar að því að halda reglu á hormónastarfsemi.
- B-12 sem stuðlar að eðlilegri starfsemi taugakerfisins sem og eðlilegri sálfræðilegri starfsemi ásamt B1, B2, og B3.
- Magnesium sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi sem og viðhaldi eðlilegra beina.

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 15. apríl 2020

15. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL





Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

**MICHELSEN  
1909**

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

**Með nærri 40 prósent í Marel**  
Erlendir fjárfestar hafa stóraukið umsvif sín í hluthafahópi Marel á undanförunum mánuðum.

**Goldman selur í Arion banka**  
Bandaríski fjárfestingabankinn minnkaði við hlut sinn í bankanum fyrr í þessum mánuði.

**Dregur úr skuldsetningu á hlutabréfamarkaði**  
Samanlagður eignarhlutur banka hefur minnkað í flestum skráðum félögum síðustu vikur.

**Vörumerki á veirutímum**  
Það verður að teljast smekklaut og sýna dómgreindarrest að ætla að græða á faraldrinum, segir María Kristjánsdóttir Lögmaður á Lex.

**Meirihluti fær greiðslufrest**  
Af afgreiddum umsóknum fyrir tækja um greiðslufrest hefur 93,1% uppfyllt skilyrði samkomulags lánveitenda, segir framkvæmdastjóri SFF.

2

2

4

8

10



## FRÍ HEIMSENDING

Pantið linsur á heimasíðu  
Opticalstudio.is  
eða í síma 511 5800

Optical Studio

Acuvue Moist, 3 pk.	kr. 8.000
Acuvue Oasys, 3 pk.	kr. 10.250
Dailies Total, 3 pk.	kr. 10.250
Dailies AquaComfort Plus, 3 pk.	kr. 7.250
Acuvue Vita, mánaðar, 2 pk.	kr. 6.150
Acuvue Oasys, 2. vikna, 2 pk.	kr. 4.950
Acuvue, sem dökkna í sól, 1 pk.	kr. 5.900

## 3,5 milljarða gengistap Stoða á fyrsta fjórðungi

Hlutabréfaeign Stoða, eins stærsta fjárfestingafélags landsins, í skráðum félögum minnkaði um nærri fimmtung að markaðsvirði á fyrstu þremur mánuðum ársins, samkvæmt útreikningum Markaðarins. Gengistap félagsins vegna verðfallsins nam tæpum 3,5 milljörðum króna.

Þannig stóð markaðsvirði hlutabréfaeignar Stoða í Arion banka, Símanum og TM í samanlagt 14,1 milljarði króna í lok mars síðastliðins en til samanburðar var hlutur fjárfestingafélagsins í félögnum þremur metinn á um 17,5 milljarða króna í byrjun ársins. Félagið bætti við sig í TM en seldi sig lítillga niður í Arion banka í marsmánuði.

Sem kunnugt er lækkaði úrvals-vísitala Kauphallarinnar um hátt í átján prósent á fyrsta fjórðungi ársins vegna áhyggna fjárfesta af áhrifum kórónaveirunnar en lækkinin var sú mesta á einum fjórðungi í ellefu ár.

Lækkunin á markaðsvirði eignarhluta Stoða í ádurnefndum félögum, Arion banka, Símanum og TM, var svipuð, eða ríflega níttján prósent. Þess má þó geta að hlutabréfa-verð í félögnum hefur hækkað lítillga það sem af er apríl.

Mest munandi um 36 prósent verðfall á hlutabréfum Arion banka á ársfjórðungnum sem skilaði sér í um 2,8 milljarða króna gengistapi fyrir Stoðir. Fjárfestingafélagið fer með rúman 4,7 prósent hlut í bankanum.

Gengistap Stoða af fjórtán

# 19%

var lækkun á markaðsvirði hlutabréfaeignar Stoða á fyrstu þremur mánuðum ársins.

prósenta hlut sinum í Símanum var um 150 milljónir króna á fyrstu þremur mánuðum ársins en gengi bréfa í fjarskiptafélaginu lækkaði aðeins um 2,2 prósent á tímabilinu, minnst allra félaga á aðallista Kauphallarinnar.

Þá féll hlutabréfa-verð í TM um ríflega átján prósent á mánuðunum þremur sem skilaði sér í gengistapi fyrir Stoðir upp á hálfan milljarð króna. Fjárfestingafélagið heldur á um 11,7 prósent hlut í tryggingafélaginu eftir að hafa bætt við sig 1,7 prósent hlut í síðasta mánuði.

Stoðir áttu fjárfestingareignir upp á samanlagt ríflega tuttugu milljarða króna í lok síðasta árs en þar af námu skráðar eignir þess um 17,5 milljörðum króna að markaðsvirði, eins og áður sagði. Eigið fé fjárfestingafélagsins var um 25,2 milljarðar króna við síðustu áramót.

Ársávöxtun ádurnefndrar hlutabréfaeignar var 23 prósent í fyrra en Stoðir högnuðust um ríflega fjóra milljarða króna á árinu. – kij



Jón Sigurðsson, stjórnarformaður Stoða.



Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marels, en bréf félagsins hafa lækkað lítillga á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Erlendir sjóðir með um 40 prósent í Marels

Erlendir fjárfestar hafa stóraukið umsvif sín í hluthafahópi Marels á undanförunum mánuðum. Samanlagður hlutur þeirra hefur meira en tífaldast frá því í ársbyrjun 2018 þegar hann nam aðeins um þremur prósentum.

Erlendir fjárfestingarsjóðir hafa á undanförunum mánuðum haldið áfram að auka verulega við eignarhlut sinn í Marels, langsamlega verðmætasta fyrirtækinu sem er skráð á markað héraðs, og nálgast samanlagður hlutur þeirra óðum að verða nærri 40 prósent af útgafnu hlutafé félagsins. Undir lok síðasta árs áttu erlendir fjárfestar hins vegar samtals rúmlega 30 prósent hlut í Marels.

Samkvæmt upplýsingum frá Marels er tæplega 34 prósent hlutur í félaginu nú skráður í vörslu í kauphöllinni í Amsterdam borið saman við 25 prósent um síðastliðin áramót. Þau bréf eru nánast alfarið í eigu erlendra sjóða en að sögn viðmælenda Markaðarins má ætla að innlendir fjárfestar, þá einkum lífeyrissjóðir og verðbréfasjóðir, eigi aðeins á bilinu 1 til 2 prósent hlut í félaginu sem er skráður erlendis.

Þá á bandaríska eignastýringarfyrirtækið Capital Group, sem rekur sjóðina American Funds og kom fyrst inn í hluthafahóp Marels árið 2018, einnig tæplega fimm prósent hlut í félaginu sem er skráður í kauphöllina hér á landi. Af því má ráða að samanlagður eignarhlutur alþjóðlegra fjárfesta í Marels, bæði í

# 458

milljarðar er markaðsvirði Marels í dag.

kauphöllinni á Íslandi og í Hollandi, sé því nú orðinn meiri en 37 prósent en miðað við markaðsvirði félagsins – sem er nú um 458 milljarðar – er virði þess hlutar um 170 milljarðar.

Samkvæmt athugun Markaðarins má áætla að erlendir fjárfestingarsjóðir hafi bætt við sig bréfum í Marels fyrir jafnvirði um 30 milljarða króna frá því undir lok síðasta árs. Hlutabréfa-verð félagsins, sem hefur lækkað um rúmlega þrjú prósent frá áramótum, hefur á þeim tíma að jafnaði verið í kringum 500 til 600 krónur á hlut. Við lokun markaða í Kauphöllinni í gær stóð gengið í 593 krónum.

Umsvif erlendra sjóða í hluthafahópi Marels, sem jukust mjög við hlutafjárútbod og skráningu Marels í kauphöllina í Amsterdam í júní í fyrra, hafa margfaldast á aðeins tveimur árum. Í ársbyrjun 2018

nam samanlagður hlutur þeirra aðeins um þremur prósentum og ári síðar var hann líðlega átta prósent.

Á sama tíma hafa íslenskir lífeyrissjóðir, eins og áður hefur verið fjallað um í Markaðinum, minnkað verulega við eignarhlut sinn í félaginu á undanförunum misserum. Í ársbyrjun 2019 áttu helstu lífeyrissjóðir landsins, sem allir eru á lista yfir tuttugu stærstu hluthafa Marels, samtals um 38 prósent hlut en í lok ársins nam sá hlutur um 28 prósentum. Sjóðirnir hafa það sem af er þessu ári haldið áfram að losa um hlut sinn í Marels auk þess sem innlendir verðbréfasjóðir hafa sömuleiðis selt sig mikið niður.

Stærstu erlendu hluthafar Marels eru í dag bandaríska fyrirtækið MSD Partners, sem kom fyrst inn í hluthafahóp Marels árið 2017, Capital Group og evrópski vögunarsjóðurinn Teleios Capital.

Aðrir erlendir sjóðir í hluthafahópi Marels, sem fjárfestu fyrst í félaginu í hlutafjárútbodi þess síðastliðin vor og hafa í kjölfarið verið að bæta við hlut sinn, eru meðal annars sjóðir í stýringu Blackrock, Credit Suisse, Investec, SEI Investments, Threadneedle, Baron, BAMCO, Miton, AXA Investment Managers, Vanguard og Janus Henderson. hordur@frettabladid.is

### MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

DAG HVERN LESA

# 93.000

ÍSLENDINGAR  
FRÉTTABLAÐIÐ  
AÐ MEÐALTALI

HEIMILD: PRENTMIÐI AMÉLING GALLUP OKT-DES 2019, 12-80 ÁRA  
ALLT LANDIÐ HÁGSTOFA ÍSLANDS, MANNFJÖLDATÖLUR, 2019

FRÉTTABLAÐIÐ - MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

## Goldman minnkar við sig í Arion

Bandaríska fjárfestingabankinn Goldman Sachs, sem er á meðal tíu stærstu hluthafa Arion banka, hefur minnkað við hlut sinn í bankanum en hann seldi fyrr í þessum mánuði nærri 0,6 prósent hlut fyrir um 550 milljónir króna. Eignarhlutur Goldman í Arion er nú 3,16 prósent en var fyrir sölu 3,72 prósent.

Goldman kom fyrst í hluthafahóp Arion banka vorið 2017 þegar fjárfestingabankinn, ásamt þremur erlendum vögunarsjóðum, keypti samtals nærri 30 prósent hlut í bankanum af eignarhaldsfélaginu Kaupþingi fyrir um 49 milljarða króna.

Erlendir fjárfestar hafa á undanförunum mánuðum verið að selja talsvert af bréfum sínum í Arion banka. Frá áramótum hafa þannig

# 3,3

milljarðar er virði eignarhlutar Goldman í Arion banka.

Goldman Sachs, breski vögunarsjóðurinn Lansdowne Partners og bandaríska sjóðastýringarfyrirtækið Eaton Vance minnkað hlut sinn samanlagt um líðlega fjögur prósent. Má áætla að söluandvirði þess hlutar hafi numið samtals um fimm milljörðum. Á sama tíma hafa íslenskir lífeyrissjóðir, einkum Lífeyrissjóður verzlunarmanna og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins,

aukið við hlut sinn í bankanum.

Á aðalfundi Arion um miðjan mars samþykktu hluthafar bankans að fresta um tvo mánuði bodaðri arðgreiðslu upp á tíu milljarða króna og þá hefur bankinn sagst ekki ætla að fara í frekari kaup á eigin bréfum fyrr en óvissa vegna kórónaveirufaraldursins hefur minnkað. Í viðtali við Fréttablaðið síðastliðinn fimmtudag sagði Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri að hann teldi það „algjörlega ótækt“ að bankanum að skoða að fara fram með upphafleg arðgreiðsluform sín síðar á árinu og hið sama gildi um kaup á eigin bréfum.

Hlutabréfa-verð Arion banka hefur fallið um 34 prósent frá áramótum og nemur markaðsvirði bankans í dag rétt rúmlega 103 milljörðum króna. – hae





## HAFNARTORG REYKJAVÍK

Hafnartorg er blönduð byggð af nýjum skrifstofum, íbúðum og verslunum. Glæsilegar skrifstofur eru til leigu frá 120 til 1.500 fermetra. Í húsinu verður boðið uppá þjónustu við leigjendur s.s. móttökuritari og aðgang að sameiginlegum fundarherbergjum og skrifstofum. Einn stærsti bílakjallari landsins er undir Hafnartorgi og að Hörpu. Hafnartorg verður iðandi af mannlífi og menningu og kærkomin viðbót við stækkandi miðbæ Reykjavíkur.

Nýjar sérhannaðar skrifstofur í miðbæ Reykjavíkur

Heildarstærð er um 6.900 fm

Útleigurými frá 120 fm

Bílastæði eru neðanjarðar og tengist Hörpunni

Afhending hafin



## URÐARHVARF 8 KÓPAVOGUR

Urðarhvarf 8 er nýtt húsnæði og hagkvæmur kostur fyrir leigjendur. Húsið er glerjað að miklu leyti og því nýtur sín vel stórbrotið útsýni yfir Reykjavík, í átt að Esjunni, yfir Elliðavatn og til Bláfjalla. Samnýting á mótuneyti, hjólageymslum, fundarherbergjum, móttöku og annarri fjölbreyttri þjónustu verður í boði fyrir leigjendur húsnæðisins.

Rými sérhönnuð fyrir skrifstofur eða heilbrigðisstarfssemi

Heildarstærð er um 16.500 fm

Útleigurými frá 220 fm

Næg bílastæði á lóð og í bílakjallara

Frábært útsýni yfir Esjuna og Elliðaárdalinn

Afhending hafin



REYKJASTRÆTI  
FASTEIGNAFÉLAG

REYKJASTRAETI.IS | S: 571-4990

Fasteignasafn Reykjastrætis telur um 33 þúsund fermetra í nokkrum nýbyggingarverkefnum sem eru tilbúin eða verða tilbúin á árinu 2020. Reykjastræti er systurfélag ÞG verktaka. Félagið leitar eftir farsælu langtíma viðskiptasambandi við sína leigjendur og stendur félagið fyrir gæði og áreiðanleika í viðskiptum.

# Arev spáir um sextíu prósentu fækkun ferðamanna á þessu ári

Sérfræðingar Arev verðbréfa-fyrirtækisins spá því að riflega átta hundruð þúsund ferðamenn sæki Ísland heim á þessu ári. Til samanburðar var fjöldi ferðamanna um tvær milljónir í fyrra.

Í greiningu Arev, sem birt var í fyrradag, er gert ráð fyrir að takmarkanir verði á ferðalögum hingað til lands stærstan hluta sumarsins. Tekið er fram að yfir þrjú hundruð þúsund ferðamenn



Erlendum ferðamönnum fækkar verulega í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

hafi þegar komið til landsins í ár og því gerir spáin ráð fyrir að um hálf milljón ferðamanna sæki landið heim síðsumars og fram til ársloka.

Samkvæmt svartsýnni spá sérfræðinga Arev verður fjöldi ferðamanna undir sjö hundruð þúsundum á þessu ári, en bjartsýn spá gerir ráð fyrir einni milljón ferðamanna til landsins.

„Við teljum að markaðurinn muni taka fljótt við sér eftir árið 2020 og samkvæmt bjartsýnni sviðsmynd

# 500

þúsund ferðamenn spáir Arev að komi til Íslands síðsumars og fram til ársloka.

okkar mun fjöldi ferðamanna ná 1,5 milljónum árið 2021,“ segir í greiningu Arev.

Þó benda þeir á að árið 2021 geti reynst ferðabjónustunni krefjandi enda sé óvíst hvort fólk verði í miklum ferðahug. Svartsýnni sviðsmynd Arev miðar þannig við að um 1,1 milljón ferðamanna sæki landið heim á næsta ári.

Samkvæmt spá Arev mun ferðamönnum fjölga í 1,5 milljónir árið 2022 og 1,7 milljónir árið 2023. – kj



Erlendur Svavarsson, forstjóri Cabo Verde Airlines á Grænhöfðaeyjum.

## Félagið reiðir sig á stuðning eigenda og ríkis

Forstjóri flugfélagsins Cabo Verde Airlines á Grænhöfðaeyjum, sem er í meirihlutaeigu dótturfélags Icelandair Group og íslenskra fjárfesta, segist fullviss um að hluthafar félagsins muni finna lausn sem tryggir áframhaldandi starfsemi þess. Flugfélagið hefur fellt niður allar ferðir fram til loka júnímánaðar vegna útbreiðslu kórónaveirunnar.

„Félagið mun þurfa að grípa til aðgerða til þess að stýra sjóðflæðinu og reiða sig á stuðning hluthafa og stjórnvalda á Grænhöfðaeyjum til þess að geta hafið sig aftur til flugs,“ segir forstjórinn Erlendur Svavarsson í samtali við fréttaveituna Lusa.

### » Cabo Verde Airlines hefur fellt niður allar flugferðir til loka júnímánaðar vegna útbreiðslu kórónaveirunnar.

Hluthafar flugfélagsins vinni áfram að því að tryggja langtíma-fjármögnun félagsins.

„Útbreiðsla COVID-19 hafði augljóslega áhrif á þá vinnu en ég er enn fullviss um að hluthafar muni finna lausn sem tryggir að flugfélagið haldi rekstri áfram,“ nefnir Erlendur.

Stjórnvöld á Grænhöfðaeyjum, sem fara með 39 prósentu hlut í Cabo Verde Airlines, lögðu tímabundið bann við öllum millilandaferðum um miðjan síðasta mánuð. Flugfélagið fellði þá niður allar ferðir í 30 daga en hefur nú framlengt hléið til 1. júlí.

Erlendur bendir á að flugfélagið sé nú í „svipaðri stöðu“ og mörg önnur flugfélög sem hafi þurft að raska flugáætlunum sínum. Langtímahorfur félagsins séu eftir sem áður góðar.

Fram kom í ársreikningi Icelandair Group fyrir síðasta ár að afkoma Cabo Verde Airlines hefði verið undir væntingum en félagið tapaði þá 21 milljón dala. Tekið var fram að flugfélagið leitadi nú langtímafjármögnun en ef það tækist ekki gæti það haft neikvæð áhrif á starfsemi þess.

Eins og kunnugt er keypti félagið Loftleiðir Cabo Verde, sem er í eigu Loftleiða Icelandic, Björgólfs Jóhannssonar, fyrrverandi forstjóra Icelandair Group, og Kjálkaness, systurfélags útgerðarinnar Gjögurs, 51 prósent hlut í Cabo Verde Airlines í febrúar í fyrra. – kj

# Dregið hefur úr skuldsetningu fjárfesta á hlutabréfamarkaði

Samanlagður eignarhlutur banka hefur minnkað í flestum skráðum félögum síðustu vikur. Minnkandi eignarhlutur bankanna gefur til kynna að dregið hafi úr skuldsetningu á hlutabréfamarkaði. Fjármálaeftirlitið hefur aukið eftirlit sitt með veðköllum og kallar eftir daglegum upplýsingum um innlausnir.

Kristinn

Ingi Jónsson

kristinningi@frettabladid.is



Minnkandi eignarhlutur banka í skráðum félögum bendir til þess að dregið hafi úr skuldsetningu fjárfesta á hlutabréfamarkaði í lækunarhrinu markaðarins á undanföllum vikum. Samanlagður hlutur bankanna hefur minnkað í sjötíu prósent þeirra félaga sem skráð eru á aðal-lista Kauphallarinnar frá því í lok febrúar síðastliðins.

Samkvæmt samantekt Markaðarins, sem byggir á flöggunartilkyppingum og listum yfir tuttugu stærstu hluthafa skráðra félaga, hefur samanlagður eignarhlutur í nafni Arion banka, Íslandsbanka, Kviku og Landsbankans minnkað í alls fjórtán skráðum félögum á undanföllum sex vikum.

Þeir hlutir sem skráðir eru í nafni bankanna koma að langmestu leyti til vegna framvirkra samninga sem bankarnir hafa gert við viðskiptavinina sína.

Minnkandi eignarhlutur bankanna í skráðum félögum á allra síðustu vikum – í kjölfar þess að hlutabréfamarkaðurinn tók dýfu í seinni hluta febrúar vegna útbreiðslu kórónaveirunnar – gefur þannig til kynna að dregið hafi úr „gírnum“ af hálfu fjárfesta í félögum. Er það jafnframt í samræmi við mat viðmælenda Markaðarins á fjármála-markaði sem benda á að ýmsir skuldsettir einkafjárfestar hafi að undanföllum þurft að losa um bréf sín vegna veðkalla.

Eignarhlutur bankanna endurspeglar einnig skuldsetningu að baki fjárfestingum hlutabréfasjóða sem nota „gírnum“ til þess að auka fjárfestingargetu sína en dregið hefur úr slíkri skuldsetningu á síðustu vikum samhliða minni skuldsetningu á hlutabréfamarkaðinum. Eru bankarnir sagðir hafa skráfað að einhverju leyti fyrir þess háttar fjármögnun.

### Daglegar tölur um innlausnir

Eins og fram hefur komið í Markaðinum var talsvert um það í lækunarhrinu síðustu vikna á hlutabréfamarkaði að bankarnir gerðu veðköll í hlutabréfum skuldsettra einkafjárfesta. Eru slík veðköll, auk innlausna í hlutabréfasjóðum sjóðastýringarfélaga, sögð hafa ýtt undir enn frekari verðlækkanir á markaðinum.

Alls féll úrvalsvisitala Kauphallarinnar um 19,5 prósent frá því að lækunarhrinin hófst 24. febrúar og til loka marsmánaðar.



Ýmsir skuldsettir einkafjárfestar hafa þurft að losa bréf sín í skráðum félögum í lækunarhrinu hlutabréfamarkaðarins á undanföllum vikum. Almennt hefur dregið úr skuldsetningu fjárfesta á markaðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### /// Eignarhlutur bankanna

Minni eignarhlutur bankanna í skráðum félögum

	Febrúarlok	Aprílbyrjun
Eik	15,1%	7,2%
Eimskip	0,4%	3,1%
Festi	3,3%	1,8%
Hagar	1,6%	1,4%
Icelandair	1,6%	0,0%
ISI	11,7%	11,0%
Kvika	16,2%	13,3%
Origo	16,7%	13,3%
Reginn	6,3%	1,9%
Reitir	11,1%	9,9%
Síminn	4,4%	2,7%
Sjóvá	2,5%	1,7%
Skeljungur	27,1%	30,5%
Sýn	16,3%	17,3%
TM	12,4%	11,7%
VIS	13,7%	11,5%

Tekið var fram í yfirlýsingu sem fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands sendi frá sér um miðja síðustu viku að markaðseftirlit Fjármálaeftirlitsins hefði – vegna mikilla lækkana og sveiflna á markaðinum – lagt að undanföllum aukna áherslu á eftirlit með meðal annars veðköllum og umfangi skortsólu.

Því til viðbótar væri fylgst grannt með innlausnum í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum en til marks um það hefði verið kallað eftir daglegri upplýsingagjöf um innlausnir frá stærstu sjóðastýringarfélögum landsins.

Samantekt Markaðarins leiðir í ljós að eignarhlutur í nafni bank-

anna hefur einungis aukist í þremur félögum frá því í febrúar, Eimskip, Skeljungur og Sýn, en staðið í stað eða lækkað í öðrum félögum. Hlutfallslega hefur eignarhald bankanna – og þar með skuldsetning fjárfesta – minnkað hvað mest í fasteignafélögum þremur, Eik, Regin og Reitum.

Mest er um skuldsetta fjárfesta í hluthafahópi Skeljungs, ef miðað er við eignarhluti sem eru skráðir í nafni bankanna, en þannig er samanlagður hlutur bankanna í oliufélaginu riflega þrjátíu prósent. Þá nemur hlutur bankanna samantlagt rúmum sautján prósentum í Sýn og þrettán prósentum í Kviku og Origo.

### Dregið úr fjármögnun Kviku

Fram kom í kynningu Marinós Arnar Tryggvasonar, forstjóra Kviku, á aðalfundi bankans í lok síðasta mánaðar að verðbréfa-fjármögnun hans hefði minnkað umtalsvert það sem af væri ári. Þannig hefði fjármögnun bankans á skráðum hlutabréfum farið úr fjórtán milljörðum króna í byrjun ársins í sex milljarða króna.

Forstjórinn tók auk þess fram að bankinn hefði ekki tekið á sig neitt fjárhagslegt högg á tímabilinu vegna uppgjors á framvirkum samningnum.

Samkvæmt tölum frá Nasdaq, sem rekur Kauphöllina hér á landi, var markaðsvirði veðsettra hlutabréfa um 166 milljarða króna í lok síðasta mánaðar eða líðlega 15,5

# 20%

var lækkun úrvalsvisitala Kauphallarinnar frá 24. febrúar til loka marsmánaðar.

prósent af heildarmarkaðsvirði skráðra félaga.

Virði slíkra bréfa – sem gefur vísendingu um umfang skuldsetningar – á hérlendum hlutabréfamarkaði – lækkaði um sextán milljarða króna í síðasta mánuði en alls hefur það lækkað um nærri þrjátíu milljarða króna frá áramótum þegar það var 195 milljarðar króna eða 15,6 prósent af þáverandi heildarvirði markaðarins.

Þrátt fyrir að hafa dregist nokkuð saman að undanföllum hefur veðtaka í skráðum hlutabréfum aukist verulega undanfarin ár en sem dæmi nam virði veðsettra hlutabréfa 13,4 prósentum af heildarmarkaðsvirði skráðra félaga í lok árs 2018 og 10,9 prósentum í árslok 2016.

Viðmælendur Markaðarins benda á að þrátt fyrir að það hafi fæst í aukana að fjárfestar fái lán fyrir hlutabréfakaupum krefjast bankarnir nú mun hærra hlutfalls eigin fjár en þekktist á árunum fyrir fjármálahrunið árið 2008. Þeir gripi einnig fyrir inn í ef skilyrðin fyrir lánveitingunni hafa verið brotin.

# BRÁÐUM KEMUR BETRI TÍÐ

**SJÁUM UM VIÐHALD FASTEIGNA  
FYRIR HÚSFÉLÖG, EINSTAKLINGA  
OG STOFNANIR**

HÁPRÝSTIPVOTTUR

MÚRVIÐGERÐIR

FLÍSALÖGN

MÁLUN

HELLULAGNIR



HJÓL  
ATVINNULÍFSINS

Hjól atvinnulífsins ehf. – Alhliða verktaka  
Borgartúni 3  
105 Reykjavík  
Símar: 8446829 / 6624514  
Netfang: hjolatvinnulifsins@gmail.com

**kjörvari** STEINVARI

Þorsteinn Friðrik Halldórsson  
tfh@frettabladid.is



Skráðu fasteignafélögin hafa gripið til margvíslegra ráðstafana sem nema að minnsta kosti 13 milljörðum króna til að styrkja lausafjárstöðu sína á meðan efnahagsleg áhrif COVID-19 vara. Stjórnendur félaganna segja lausafjárstöðuna sterka og félögin vel í stakk búin til að takast á við krefjandi aðstæður. Félögin eiga þó mismikið undir verslun og þjónustu og óvíst er hvernig leigugreiðslum næstu mánaða verður háttað.

„Lausafjárstaðan er mjög sterk. Við höfum að auki gott aðgengi að fjármagni, eigum óádrengar lánalínur og eignir til að veðsetja af á þarf að halda,“ segir Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóri Eikar fasteignafélags, í samtali við Markaðinn.

„Almennt má segja að það sé forgangsmatarið að draga úr skuldsetningu og sækja hagstæðari fjármögnun,“ segir Snorri Jakobsson, greinandi hjá Capacent.

Eignasafn fasteignafélaganna Regins, Reita og Eikar nær yfir samtals 1.150 þúsund fermetra. Samantekt Markaðarins sýnir að félögin hafa styrkt lausafjárstöðu sína um að minnsta kosti 13 milljarða króna en horft var til útgáfu skuldabréfa á árinu, greiðslna vegna eignasölu, og frestunar á arðgreiðslum, endurkaupum og fjárfestingum.

#### Ekki hætta á skilmálabrotum

Reginn, sem rekur Smáralind og leigir samtals út 377 þúsund fermetra, hefur styrkt lausafjárstöðuna með mismunandi aðgerðum eins og kom fram í greinargerð sem félagið gaf út í síðustu viku. Fjórar aðgerðir bæta lausafjárstöðu félagsins um alls 4.650 milljónir króna.

Reginn seldi skuldabréfum um miðjan mars fyrir einn milljarð króna, dró á lánalínu, fékk frest á afborgunum og vaxtagreiðslum af bankalánnum næstu sex mánuði og frestaði arðgreiðslum.

Skilyrði í skuldabréfum Regins kveða á um að eiginfjárlutfallið, sem nú stendur í 32 prósentum, megi ekki fara niður fyrir 25 prósent. Þá má vaxtaþekja, sem segir til um hversu fyrirtækið er fært um að standa undir vaxtakostnaði af lánnum sem á því hvíla, ekki lækka í 1,5 en hún reiknaðist tveir í lok síðasta árs.

„Ekki er hætta á að skilmálar lánasamninga verði brotnir,“ segir í greinargerð Regins sem mun jafnframt fresta 600 milljóna króna fjárfestingum en áætlun félagsins fyrir árið 2020 gerði upphaflega ráð fyrir 3,8 milljarða króna fjárfestingum.

Reginn hefur aðgang að 3.400 milljónum króna í ónýttum lánalínunum og mun að auki sækja sér viðbótarfjármagn vegna nýrra fjárfestingarverkefna.

#### Vilja sjá hvernig apríl þróast

Reitir, sem reka Kringluna og eru með alls 460 þúsund fermetra í sínum bókum, stefna að því að senda út tilkynningu á markaðinn eftir stjórnarfund hjá félaginu þann 17. apríl þar sem nánar verður greint frá stöðu félagsins og rekstrarhorfum. „Þá verðum við búin að sjá betur hvernig apríl er að koma út tekjuflæðislega séð,“ segir Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita, í skriflegu svari til Markaðarins.

Guðjón gat ekki tjáð sig um stöðuna í smáatriðum en sagði að almennt væri lausafjárstaða Reita sterk. Hann nefndi til dæmis að stórum framkvæmdaverkefnum á vegum Reita hefði ekki verið slegið á frest.

„Viðskiptavinahópur félagsins er breiður og uppstáða hans eru fjárhagslega traustir aðilar,“ skrifar Guðjón og bætir við að félagið geti sótt auknið fjármagn ef þörf er á því.

Reitir höfðu áður tilkynnt um frestun á arðgreiðslu upp á alls 1,1 milljarð króna, og ákveðið að ljúka endurkaupaáætlun. Samkvæmt



Hlutfall verslunar, þjónustu og hótela í eignasafni Reita, sem reka meðal annars Kringluna, er um 53 prósent og er töluvert herra en hjá hinum félögnum. FRÉTTABLAÐIÐ

# 13 milljarðar deyfa höggið

Fasteignafélögin hafa styrkt lausafjárstöðu sína um meira en 13 milljarða króna miðað við stöðuna í byrjun árs og fyrri áætlunir um arðgreiðslur. Stjórnendur félaganna hafa ekki áhyggjur af því að skilyrði skuldabréfa verði brotin.

áætluninni hefði félagið keypt að hámarki 8,6 milljónir hluta fyrir allt að 734 milljónir til viðbótar við fyrri endurkaup.

Reitir seldu auk þess skuldabréf fyrir 1,5 milljarða króna í lok febrúar og svo aftur fyrir 1,5 milljarða um miðjan mars. Fjármagnid fór ekki í að greiða niður eldri lán heldur í að styrkja lausafjárstöðu félagsins.

Þá fengu Reitir 2,2 milljarða króna greidda á fyrsta fjórðungi vegna sölu á fasteignum. Ef þessar aðgerðir eru teknar saman hafa Reitir styrkt lausafjárstöðu sína um sjö milljarða króna miðað við stöðuna í byrjun árs og fyrri áætlunir um arðgreiðslur og endurkaup.

Í síðustu skuldabréfafjármögnun Reita má finna sömu fjárhagslegu skilyrði og hjá Regni. Vaxtaþekja skal ekki vera lægri en 1,5 og eiginfjárlutfall skal að lágmarki nema 25 prósentum. Í september 2019 var vaxtaþekjan 2,35 og eiginfjár-

hlutfallið var rúmlega 31 prósent í lok árs.

#### Sjóðstreymi mikilvægara en eigið fé

Eik fasteignafélag, sem leigir út 310 þúsund fermetra, seldi skuldabréf í febrúar fyrir 1.180 milljónir króna sem nýtt var til að greiða upp óhagstæðari lán. Þá lauk félagið einnig endurkaupaáætlun sem hefði að hámarki numið 450 milljónum króna til viðbótar á næstu mánuðum. Þá hefur félagið frestað aðalfundi sínum um óákveðinn tíma en þar átti að leggja til greiðslu á arði að fjárhæð 800 milljónir króna. Miðað við stöðuna í byrjun árs og fyrri áætlunir hefur Eik því eftir lausafjárstöðu sína um tæplega 1,3 milljarða króna og lækkað vaxtakostnað félagsins.

Skuldabréf Eikar kveða meðal annars á um að eiginfjárlutfall félagsins, sem nú stendur í rúmlega 31 prósent, fari ekki undir 20

prósent. Þá er einnig skilyrði um að vaxtaþekjan sé ekki lægri en 1,5 en hún var 2,5 hjá félaginu í lok síðasta árs.

Aðspurður svarar Garðar Hannes hjá Eik að hann hafi ekki miklar áhyggjur af því að neikvæðar matsbreytingar vegna mögulegrar lækkunar fasteignaverðs þrýsti eiginfjárlutfalli félagsins niður að lágmarkinu sem kveðið er á um í skilmánum skuldabréfanna.

„Félagið virðismetur fasteignir sínar út frá gangvirðismati sem á að endurspeglar markaðsvirði fasteigna. Það sem gerist núna er að seljendur vilja ekki selja sínar eignir á afsláttarverði og kaupendur vilja ekki kaupa á venjulegu verði við þessar aðstæður. Sumir munu þurfa að selja en viðskiptin verða strjál og endurspeglar ekki endilega markaðsverð. Þannig að ég tel að þetta muni ekki hafa mikil áhrif, að svo stöddu,“ segir Garðar Hannes.

„Skilyrðið sem er mikilvægara í núverandi ástandi eru sjóðstreymisskilyrði, að geta staðið í skilum á vöxtum og afborgunum. Við förum inn í þetta ástand með sterka sjóðstöðu og gott svigrúm þegar kemur að því að standa þau skilyrði,“ bætir hann við.

#### Tvöfalt meiri sveiflur

Eiginfjárlutföll fasteignafélaganna eru öll rúmlega 30 prósent og vel yfir fjárhagslegum skilyrðum skuldabréfa en Snorri hjá Capacent bendir á að sveiflur í verði atvinnuhúsnaðis hafi tilhneigingu til að vera ýktari en sveiflur íbúðaverðs.

„Það var þannig í hruninu að sveiflur í verði atvinnuhúsnaðis voru tvisvar sinnum meiri en í

verði á íbúðarhúsnaði. Þegar verð á íbúðarhúsnaði lækkar um 10 prósent lækkar atvinnuhúsnaði um 20 prósent,“ segir Snorri. Þannig geti eiginfjárstaðan orðið fyrir talsverðu höggi ef fasteignaverð lækkar.

„Þetta er svölitið ólík staða þeirri hjá Ícelandair, þar sem þú ert kannski að sjá fram á 90 prósent tekjusaðrátt en 10 prósent tekjusaðrátt hjá fasteignafélögnum. Áhrifin á eiginfjárlutfallið eru væntanlega umtalsverð á meðan lausafjárskortur er ekki vandinn hjá þeim eins og Ícelandair,“ segir Snorri.

#### Ólík eignasöfn

Fasteignafélögin þrjú eru með ólíka samsetningu í eignasafni sínu. Verslun og þjónusta eru um 27 prósent í eignasafni Eikar en um 33 prósent í eignasafni Regins og Reita. Hótel vegna fimm prósent í safni Regins, 11 prósent í safni Eikar og 20 prósent í safni Reita. Ef verslun, þjónusta og hótel eru lögð saman myndar sá flokkur um 38 prósent af eignasafni Regins og Eikar en hlutfallið er 53 prósent hjá Reitum.

Eik hefur sérstöðu að því leyti að félagið rekur sjálf Hotel 1919 í miðbæ Reykjavíkur. Þegar félagið tilkynnti í lok mars að afkomuspáin hefði verið felld úr gildi kom fram að tekjur hótelsins hefðu dregist mikið saman.

#### Reikna með tapaðri leigu

Eins og greint hefur verið frá eru Reitir og Reginn tilbúnir að veita leigutökum sínum sveigjanleika vegna samdráttar í tekjum. Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins, sagði að sveigjanleikinn snerist um greiðslufresti en ekki lægri leigu-



LADÍÐ/ERNIR


greiðslur. Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita, sagði að félagið hefði ekki átt í viðræðum um að veita afslætti af leigu. Rykið ætti eftir að setjast.

Haft var eftir stjórnendum þriggja af stærstu fataverslunar-fyrirtækjum landsins í umfjöllun Markaðarins í síðustu viku að fasteignafélögin þurfi að slá af leigugreiðslum. Greiðslufrestir dugi ekki einir og sér og háar leigugreiðslur seinna á árinu vegna frestunar muni leggjast þungt á verslanir

þegar einkaneysla tekur við sér.

„Það dugar ekki að rukka leigu fyrir eitthvað sem er ekki til staðar vegna þess að tekjuleysið er algjör forsendubrestur. Að fresta greiðslum gerir ekki neitt fyrir neinn. Þegar allt fer aftur af stað er mjög slæmt að vera með tvo eða þrjú uppsafnaða mánuði af leigugreiðslum á herðunum,“ sagði Hermann Helgason, framkvæmdastjóri S4S, sem rekur fjölda skóverslana í Kringlunni og Smáralind, í umfjöllun Markaðarins.

### Samsetning eignasafns



#### Reginn

■ Verslun og þjónusta	33%
■ Skrifstofur	33%
■ Hótel	5%
■ Annað	29%

### Eiginfjárlutfall

Skilyrði skuldabréfa og staða í byrjun árs

	Skilyrði	Raunstaða
Reginn	25%	32%
Reitir	25%	31%
Eik	20%	31%

### Vaxtaperskja

Skilyrði skuldabréfa og staða í byrjun árs

	Skilyrði	Staða
Reginn	1,5	2
Reitir*	1,5	2,35
Eik	1,5	2,5

\*Staða Reita miðast við 30.09.2019

Í nýlegri greinargerð Regins kemur fram að veittur hafi verið greiðslufrestur á leigu aprilmánaðar til hluta leigutaka þar til síðar á árinu. Reiknað er með að frestun muni einnig ná til leigu í maí og í ákveðnum flokkum til júní.


„Þótt aðgerðirnar sem ráðist hefur verið í miði við frestun leigugreiðslna er það óumflýjanlegt að það mun ekki duga öllum leigutökum. Því má reikna með að hluti leigutekna tapist, ekki er ljóst hvert umfang þess verður,“ segir í greinargerð fasteignafélagsins.

### Skoða hvert tilfelli fyrir sig

Guðjón hjá Reitum segir ljóst að ákveðnir geirar atvinnulífsins fari verr út úr aðstæðunum en aðrir.


„Þeim aðilum er mætt með skilningi á aðstæðum og all nokkrum hluta væntra leigugreiðslna vegna aprilmánaðar hefur verið velt áfram, til útvinnslu síðsumars eða í haust,“ skrifar Guðjón í svari til Markaðarins en Reitir munu sem fyrr segir gera nánari grein fyrir stöðunni á næstu dögum.

Garðar Hannes hjá Eik segir að félagið sé í samskiptum við leigutaka vegna þeirra aðstæðna sem hafa skapast.



#### Reitir

■ Verslun og þjónusta	33%
■ Skrifstofur	35%
■ Hótel	20%
■ Annað	12%



#### Eik

■ Verslun og þjónusta	27%
■ Skrifstofur	46%
■ Hótel	11%
■ Annað	16%

### Bresku félögin glíma við litil skil á leigu

Bresku fasteignafélög fengu aðeins 41 prósent af leigunni greitt á síðasta eindaga, 25. mars, samkvæmt greiningu sem umfjöllun Financial Times byggir á. Jafnvel leigjendur á skrifstofurými, sem eru jafnan ekki í eins slæmri stöðu og verslanir, höfðu aðeins greitt 57 prósent af heildarupphæðinni þegar síðasti eindagi var liðinn.

„Þessar tölur eru líklega óþægileg lesning fyrir leigusala, sjóðstjóra og fjárfesta,“ segir Steph Yates, ráðgjafi hjá Remit Consulting, í samtali við Financial Times.

Fasteignarisinn Intu, sem rekur fjölda verslunarmiðstöðva í Bretlandi, fékk greitt minna en þriðjung af leigunni á síðasta eindaga en þegar sami eindagi var liðinn á síðasta ári stóð hlutfallið í 77 prósentum. Matthew Roberts, forstjóri Intu, sagði að litlar heimtur þýddu að fyrirtæki myndi líklega brjóta skuldabréfaskilmála í sumar.

Fataverslanakeðjan Primark og skyndabítakeðjan Burger King eru á meðal þeirra sem neituðu að greiða síðustu leigukröfu. Ákvörðun stórfyrirtækjanna kom í kjölfar nýrra reglna í Bretlandi sem gefa leigjendum rétt á að fresta leigugreiðslum í þrjú mánuði án þess að stofna samningnum við leigusalann í hættu. Talsmenn Burger King sögðu að fyrirtæki þyrfti að halda í lausafé til þess að geta greitt starfsmönnum.

Fjöl margar verslanakeðjur hafa fengið hótun um málsókn frá leigusölum sínum sem segja að neyðarlög breskra stjórnvalda þýði ekki að fyrirtæki geti komist algjörlega hjá því að greiða umsamda leigu. Þá hafa sumir leigusalar krafist þess að fá að rýna í bókhaldið hjá leigutökum sínum til þess að unnt sé að ákvarða hvort þeir sem eru í vanskilum á leigu séu í rekstrarvandræðum í raun.

„Það fyrsta sem við gerum er að veita leigutökum okkar fjárhagsráðgjöf um næstu skref og höfum við í því samhengi fengið til liðs við okkur Deloitte. Sum fyrirtæki standa mjög vel en önnur hafa misst mikið af tekjum og standa verr. Við tökum á hverju tilfelli fyrir sig og veitum aðstoð þar sem þurfa þykir,“ segir Garðar Hannes.

Með því að setja fókussinn á þá sem raunverulega vantar aðstoð segir Garðar Hannes að Eik geti verið til staðar fyrir þá til lengri tíma reynist þess þörf.

„Jafnframt tryggjum við að félagið geti verið þátttakandi í þeirri viðspyrnu sem hagkerfið þarf þegar að því kemur. Þetta snýst fyrst og fremst um frestun á greiðslum en svo eigum við eftir að sjá hvernig þróunin verður í efnahagslífinu,“ segir Garðar Hannes. Eik hefur nú ráðist í auglýsingaherferð til aðstoðar þeim fyrirtækjum sem

einna verst standa, það er hótelum og veitingastöðum. Markmiðið er að ýta undir innlenda eftirspurn.

Snorri hjá Capacent segir að efnahagsleg áhrif á fasteignafélögin geti varað í tvö ár.

„Mér reiknast til að þau geti tekið á sig 20-30 prósentu högg í tekjum áður en þau lenda í vandræðum með að standa undir rekstrarkostnaði og fjármagnskostnaði,“ segir Snorri. Hann tekur fram að útreikningurinn miðist við stöðu félaganna síðustu áramót, það er að segja, áður en gripið var til sértækra aðgerða til að bæta lausafjárstöðuna.

Ef lítið er aftur til áramóta hefur hlutabréfaverð Reita lækkað langsamlega mest af fasteignafélögum. Verðlækkun Reita nemur um 25 prósentum samanborið við 20 prósentu lækkingu Regins og tæplega 16 prósentu lækkingu Eikar. Yfir sama tímabil hefur úrvalsvísitalan lækkað um 14 prósent.

# A4+

Komdu þér vel fyrir  
heima eða á skrifstofunni

## ALLT FYRIR VINNUAÐSTÖÐUNA

á skrifstofunni & heima við

Verslaðu á einfaldan hátt á A4.is og fáðu aðstoð söluráðgjafa okkar. Hjá fyrirtækjaþjónustu A4 starfa reynslumiklir söluráðgjafar sem veita faglega og persónulega ráðgjöf er varðar innkaup á rekstar- og skrifstofuvörum.

Þú getur pantað á A4.is eða haft samband við söluráðgjafa í síma 580 0000 / panta@a4.is.

Við sjáum um að afgreiða og koma með vörurnar til þín, þú sparar bæði tíma og fyrirhöfn.

# Vörumerki á veirutímum



María Kristjánsdóttir  
lögmaður á LEX

Fyrir vörumerkjanörda hefur verið áhugavert og hreinlega furðulegt að fylgjast með þeim áhrifum heimsfaraldursins sem nú hrjár okkur sem sjá um vörumerkjaumsóknir víða um heim.

Þannig hafa hrannast inn vörumerkjaumsóknir fyrir vörumerki sem innihalda orðin COVID-19, pandemic og orðasambandið Corona Virus. Æði misjafnt er hvaða vörur eða þjónusta umræddum vörumerkjum er ætlað að auðkenna. Þannig hefur umsókn fyrir vörumerkið COVID-19 verið lögð inn í Bretlandi fyrir borðspil, fatnað og hatta. Í Bandaríkjunum hefur verið sótt um vörumerkið COVID-19 Vax fyrir bóluefni, vörumerkið Coronavirus survival guide fyrir tímarit um öryggismál, lyf og alheimsfaraldur, vörumerkið COVID-19 Immune fyrir únlíðsbönd og We beat COVID-19 fyrir fjáröflunarstarfsemi. Í Belgíu var sótt um vörumerkið COVID Mask fyrir andlitsgrímur til varnar gegn banvænum vírusum. Það virðist sérstaklega vinsælt að sækja um vörumerki sem innihalda annaðhvort COVID-19 eða Coronavirus



**Hrannast hafa inn vörumerkjaumsóknir fyrir vörumerki sem innihalda orðin COVID-19, pandemic og orðasambandið Corona Virus.**

fyrir fatnað, fyrst og fremst stutt-ermaboli og hettupeysur. Sem dæmi um slíkar umsóknir má nefna vörumerkin Class of COVID-19, I Heart COVID-19 og FXCK COVID-19.

Hér hafa einungis örfá dæmi verið nefnd, en þegar þetta er skrifað hlaupa umræddar vörumerkjaumsóknir á hundruðum,

jafnvel þúsundum og eru mjög fjölbreyttar. Samkvæmt lauslegri leit í vörumerkjaskrá Hugverkastofnunar virðast engar COVID-19 tengdar umsóknir hafa verið lagðar fram hér á landi, enn sem komið er.

Til þess að vörumerki fái skráð þurfa þau að uppfylla ákveðin skilyrði um aðgreiningarhæfni og sérkenni, auk þess sem þau mega ekki vera lýsandi fyrir þær vörur eða þjónustu sem þeim er ætlað að auðkenna. Þannig fengist vörumerkið kaffi seint skráð fyrir nýja kaffitegund. Út frá þessum skilyrðum er ljóst að sá sem sótti um vörumerkið COVID-19 Vax fyrir bóluefni mun ekki fá vörumerki sitt skráð, enda er þar um að ræða mjög lýsandi

heiti á bóluefni fyrir sjúkdóminn COVID-19. Sjúkdómsheitið telst þó varla lýsandi fyrir ýmsar vörur eins og fatnað, borðspil eða leikföng, og því ekki útilokað að umrædd vörumerki fái skráð. Þó skal tekið fram að skráningaryfirvöld í Belgíu hafa gefið út yfirlýsingu þar sem þau hvetja einstaklinga og fyrirtæki til að leggja ekki fram slíkar vörumerkjaumsóknir þar sem fyrirséð er að þeim verði hafnað, bæði vegna þess að vörumerkin séu lýsandi og vegna þess að þau brjóti í bága við allsherjarreglu og siðferði. Íslensku vörumerkjalogin innihalda sambærilegt ákvæði þar sem fram kemur að ekki megi skrá vörumerki sem fari gegn allsherjarreglu eða

eru til þess fallin að valda hneyksli.

Það er ljóst að í krísu myndast gjarnan tækifæri og nýsköpun eykst. Að nokkru leyti hefur heimsfaraldurinn þegar sýnt okkur slík dæmi, meðal annars með aukinni notkun og þróun tækni sem gerir okkur kleift að vinna heiman frá og notast við fjarkennslu. Framangreind þróun í umsóknum um vörumerkjaskráningar sýnir þó að til eru þeir sem láta græðgisjónarmið ráða för. Með dollaramerki í augum sjá þeir möguleika á að hagnast á hörmulegum aðstæðum eða atburðum. Þessi þróun er ekki óþekkt. Fjöldi aðila sótti um vörumerki með tilvísun í Boston í kjölfar hryðjuverkaárásar í Boston maraþoninu árið 2013, meðal annars vörumerkið Boston Strong. Öllum slíkum vörumerkjaumsóknum var hins vegar hafnað með vísan til þess að orðasambandið Boston Strong hefði öðlast svo viðtæka notkun í kjölfar árásarinnar að það uppfyllti ekki skilyrði um skráningu vörumerkis. Hvort vörumerkjaumsóknirnar sem nefndar eru hér að framan hljóti sömu örlög verður að koma í ljós.

Í öllu falli verður það að teljast afar smekklaust og sýna dómgreindarrest að ætla að græða á faraldrinum. Jafnvel þó að einhverjum takist að fá skráð slík vörumerki eru allar líkur á að eftirspurn eftir slíkum vörum verði hverfandi. Telja verður verulega litlar líkur á því að fjölskyldur taki COVID-19 borðspilið með sér í auknum mæli í bústaðinn eða sprangi um í COVID-19 peysum.

## VIÐ VINNUM FYRIR ÞIG.

Traust | Þekking | Árangur

# MAGNA

L Ö G M E N N

LOGMENN@MAGNA.IS | 571 5400 | MAGNA.IS



# LG OLED TV

**100%**  
of 40 testing  
members  
**recommend**  
Qbuzzador LG 55" OLED C9



**1** ★★★★★  
World's Best Selling  
OLED Brand

## MARGVERÐLAUNUÐ SJÓNVÖRP

 **Heimilistæki**

REYKJAVÍK · AKUREYRI · REYKJANESBÆR · SELFOSS · EGILSSTAÐIR · AKRANES

## Skotsilfur



## Bankastjórinn með í ráðum

Athygli vakti að Icelandair Group fékk nýverið Kviku, auk ríkisbankanna tveggja, til ráðgjafar um hvernig styrkja megi fjárhag félagsins til lengri tíma. Stjórnendur flugfélagsins hafa líkast til viljað fá ferska sýn – frá öðrum en lánveitendum sínum – á hlutina og leitað þannig til fjárfestingabankans. Bankastjórinn **Marinó Örn Tryggvason** á sjálfur aðkomu að vinnunni en hann bættist í liðinni viku á lista yfir innherja félagsins. Marinó nýtur trausts í röðum forsvarsmanna lífeyrissjóðanna, sem fara með meirihluta í félaginu, en ljóst þykir að aðkoma sjóðanna ráði miklu um framtíð þess.



## Verðmætari en Norwegian

Markaðsvirði Icelandair varð í gær umtalsvert meira en Norwegian sem er þó mun umsvifa-meira. Hlutabréf norska flugfélagsins féllu um 44 prósent eftir að tilkynnt var um björgunaraðgerðir sem munu nánast þurrka út eign hluthafa. Markaðsvirði Norwegian, sem rekur um 160 flugvélar, er nú um sjö milljarðar króna en Icelandair, sem stýrt er af **Boga Nils Boga-syni**, er metið á 18 milljarða króna. Norwegian óx taumlaust á undanförunum árum og hafði ekki burði til að standa í lappinnar.



## Í erfiðri stöðu

Fram kom í máli **Bjarna Benediktssonar** í gær að samkomulag væri í burðarlíðnum um ríkisábyrgð á brúarlánunum. Bankarnir munu þurfa að hugsa sig vel um áður en þeir veita fyrirtækjum í lausfjárvarða slík lán, miðað við umboðssvikadóma Hæstaréttar í hrunalám, en margir telja réttinn hafa teygst sig langt í að koma sök á bankamenn sem veittu lán án fullnægjandi trygginga sem síðar töpuðust. Haldi Hæstiréttur sig við fyrri fordæmi má vafalaust segja að bankarnir séu í erfiðri stöðu.



## Biðla til fyrirtækja um að hjálpa til í baráttunni gegn COVID-19



Í verksmiðju í Casablanca í Marokkó eru framleiddar andlitsgrimur. Þarlend fyrirtæki hafa mörg brugðist við ákalli yfirvalda um aukna framleiðslu á grimum og öðrum hlífðarbúnaði til þess að verjast sýkingu af völdum kórónaveirunnar. Stjórnvöld víða um heim hafa biðlað til fyrirtækja að anna eftirspurn eftir slíkum búnaði, auk öndunarbúnaði, og leggja þannig sitt lóð á vogarskálarnar í baráttunni gegn faraldrinum. MYND/AFP

## Samræmd og skjót viðbrögð



**Katrín Júlíusdóttir** framkvæmdastjóri Samtaka fjármála-fyrirtækja

Samstaðan sem ríkt hefur um þær nauðsynlegu aðgerðir sem grípa þarf til vegna heimsfaraldursins sem nú geisar hefur sannarlega yljáð um hjartarætur og sýnt okkur fram á, með afgerandi hætti, hvað skiptir okkur mestu þegar á hólminn er komið. Í þessari stöðu er enginn eyland. Sérhagsmunir eru lagðir til hliðar og sameiginlega er unnið að aðgerðum til að verja heilsu okkar, störf og lífskjör almennings. Ríkisstjórnin, Alþingi og Seðlabankinn hafa á undanförunum vikum tekið þétt utan um snúna stöðu, sem skapast hefur vegna efnahagslegra áhrifa faraldursins, með markvissum aðgerðum til að draga úr samfélags- og efnahagslegum skaða sem heimsfaraldurinn óhjákvæmilega veldur. Þá er aðáunartil að sjá þann kraft sem býr í atvinnulífinu

og birtist í þeirri miklu nýsköpun sem fyrirtækin hafa sýnt til að greiða aðgengi að vörum sínum og þjónustu.

**Samkomulag um greiðslufrest** Fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóðir brugðust einnig hratt við og gerðu með sér samkomulag um tímabundinn greiðslufrest á lánunum til fyrirtækja. Samkeppnis-eftirlitið heimilaði þetta samstarf lánveitenda fyrir rétt rúmum þremur vikum. Síðan þá hafa um 63% þeirra 1.205 umsókna um greiðslufrest sem hafa borist þegar verið afgreidd. Þessi aðgerð lánveitenda felur í sér að fyrirtæki sækja um greiðslufrest hjá sínum aðalviðskiptabanka eða sparisjóði sem leggur mat á hvort skilyrði samkomulagsins séu uppfyllt og tilkynnir til annarra lánveitenda fyrirtækisins, sem aðilar eru að samkomulaginu. Séu skilyrði fyrir greiðslufresti uppfyllt, fresta lánveitendur greiðslum afborgana og vaxta sem leggjast við höfuðstól og lengja samningstímann sem nemur frestuðum greiðslum.

**93,1% uppfyllt skilyrði** Af afgreiddum umsóknum fyrirtækja um greiðslufrest hefur 93,1% uppfyllt skilyrði samkomulagsins

og fengið frest á sínum lánunum til allt að sex mánaða. Skilyrðin eru einföld; fyrirtækið er í heilbrigðum rekstri en verður fyrir tímabundnu tekjufalli vegna heimsfaraldursins, er ekki með lengri en 60 daga vanskil í lok febrúar og hefur eða mun nýta sér videigandi úrræði stjórnvalda. Markmið samkomulagsins er að sem flest fyrirtæki geti komist hratt í skjól með einföldum hætti. Er þetta hluti af viðbrögðum fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða við efnahagsáhrifum heimsfaraldursins og er hugsað sem einföld, skjót og samræmd lausn fyrir fyrirtæki sem sækja um greiðslufrest. Auk þess eru fjármálafyrirtæki hvert um sig að vinna með sínum viðskiptavinum, fyrirtækjum og heimilum, í gegnum óvissuna og hafa t.d. fjölmörg heimili fengið greiðslufrest á húsnæðislánunum. Önnur úrræði sem fjármálafyrirtækin koma að eru m.a. útgreiðsla séreignarsparnaðar sem er hafin og viðbótarlán til fyrirtækja sem mælt var fyrir um í lögum sem samþykkt voru á Alþingi nýverið og eru nú í undirbúningi hjá stjórnvöldum.

**Samhent þjóðfélag** Hlutverk ólíkra aðila í samfélögum heims verða afar skýr á tímum sem þessum. Við sjáum skýrt hversu

miklu skiptir að eiga heilbrigðis-kerfi sem er sterkt og aðgengilegt öllum óháð efnahag. Við sjáum skýrt hversu miklu skiptir að búa við sterka lýðræðishefð með rikri upplýsingagjöf og vel smurðu ákvarðanatökufurli. Við sjáum skýrt hvernig öflug verkalyðsbar-átta hefur skilað okkur mikilvægum réttindum á vinnumarkaði. Við sjáum skýrt hversu miklu skiptir að hér sé öflugt einkarekið og nýskapandi atvinnulíf. Við sjáum skýrt mikilvægt hlutverk öflugra og vel rekinnna fjármálafyrirtækja. Þá sjáum við einnig skýrt hversu miklu opinberir aðilar og samfélagslegir sjóðir skipta. Allt kemur þetta, og meira til, saman í þjóðfélagi þar sem hlutverk og verkefni allra eru skýr.

Öll biðum við eftir að þessu linni, erum á undarlegan hátt að biða eftir framtíð sem við vitum ekki alveg hvernig verður. Á meðan gerum við okkar besta og erum óhrædd við að endurmeta úrræði út frá stöðunni hverju sinni. Besta útkoman er að sem allra flestir komist út úr þessu heilir heilsu og að atvinnulífið geti tekið sprettinn að nýju og tryggt þannig afkomu fólks og eftir efnahagslífi. Fjármálafyrirtækin eru vel undir það búin að styðja við heimili og atvinnulíf í þeim spretti.

## Kortin frjósa með hækkandi sól

## RÁÐDEILDIN

Konráð Guðjónsson hagfræðingur Viðskiptaráðs



Fabúleringar“ er orð sem lýsir vel vangaveltum um áhrif COVID-19 á hagkerfið. Sem betur fer er smám saman hægt að draga úr fabúleringum og styðjast í auknum mæli við gögn. Í síðustu viku fengum við til að mynda nýja tilraunatölfræði frá Hagstofunni


sem sýnir að kortavelta Íslendinga innanlands minnkaði um líðlega 18% milli ára í mars og vikuna 22.-28. mars var veltan 44% minni en að meðaltali í mars 2019.

Þar sem um tilraunatölfræði er að ræða ber að taka þessum tölum með fyrirvara en til að setja þær í samhengi dróst kortavelta innanlands saman um 23% á fyrsta ársfjórðungi 2009 en á sama tíma fell einkaneysla um 21%.

Reynist tölurnar í meginatriðum réttar blasir við að röskunin á íslensku samfélagi og þar með íslensku atvinnulífi verði meiri og

## Velta íslenskra korta innanlands 1.-28. mars 2020

■ Meðaltal á dag 2020 ■ Meðaltal mars 2019 Vísitala, mars 2019=100



Siðustu vikuna í mars minnkaði kortaveltan um 44 prósent á milli ára.

sársaukafyllri en margir bjuggust við. Ekki hvað síst í ljósi þess að takmarkanir munu að minnsta kosti vara fram á sumarið. Mótvægisáðgerðir stjórnvalda og allra sem vettlingi geta valdið þurfa að komast að fullu til framkvæmda, helst ekki seinna en í gær.



# Á HVERJU SITUR ÞÚ Í HEIMAVINNUNNI?

## Hlustaðu á líkamann og sittu á betri stól



**ERGOMEDIC**  
100-2 100-3  
Listaverð 189.900 kr.  
**129.900 KR.**

Einn besti skrifborðsstóllinn fyrir bakið með Dondola veltitækni.

Fagaðilar mæla með Dondola



Elís Þór Rafnsson  
sjúkraþjálfari



„Ég hef unnið sem grafískur hönnuður, barnabókahöfundur og teiknari í nærri 30 ár. Eins og gefur að skilja er ekki mikil hreyfing við svona störf og ég sit nánast allan daginn við

mína iðju. Það er auðvitað dauði og djöfull fyrir krónískt bakveikann mann. Í tugi ára hafði morgunrúfina mín verið að liðka um klemmdu taugina í mjóbakinu, koma mér úr vinkilstöðu í lóðrétta. Sem sagt óþolandi

og viðvarandi ástand sem var nóg til að æra óstöðugann.

Síðan kynntist ég Wagner stólunum með 360 gráðu Dondola veltitækninni. Málið er að ef þér tekst að halda hryggsúlunni á stöðugri hreyfingu þá á hún síður með að stífna eða festast. Vinnuveitandi minn fjárfesti í Ergomatic 100-3, og viti menn, eftir eina viku voru öll mín bakvandamál algjörlega horfin! Það hljómar eins og lygasaga en mér hefur aldrei liðið betur í bakinu.“

Ólafur Gunnar Guðlaugsson



# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN



## SKOÐUN

Helgi Vífill  
Júliusson



## Grátbroslegt

Það kom spáskt fyrir sjónir þegar forseti ASÍ sagði fyrir tveimur vikum að það væri „of dramatísk aðgerð“ að fresta launahækkunum. Það er nefnilega lágmarks viðbragð til að mæta snörpum samdrætti hjá fyrirtækjum sem rekja má til kórónaveirunnar.

Ummælin eru grátbrosleg í ljósi þess að heimshagkerfið er lamað. Það stefnir í mestu kreppu á Íslandi í hundrað ár. Mikið atvinnuleysi og gjaldþrot fjölda fyrirtækja blasir við. Við þær aðstæður telur Drífa Snædal engu að síður skynsamlegt halda fast við sinn keip. Það er hættuspil fyrir launamenn.

Atvinnulífið er í öndunarvél. Nú er komið í ljós að aðgerðir til að kæfa kórónaveiruna á heimsvísu munu vara lengur en margir vonuðust til. Það mun hafa í för með sér mikla efnahagslega eyðileggingu um allan heim. Atvinnulífið mun ekki ná sér jafn fljótt eftir frosthörkuna eins og áður var talið. Hver framvindan verður ræðst ekki eingöngu af því hvernig haldið er á spilunum heima fyrir heldur einnig af aðstæðum erlendis.

Mörg fyrirtæki eiga erfitt með að greiða laun eins og sakir standa. Stjórnendur þeirra íhuga uppsagnir starfsmanna og/eða nýta hlutastarfaleið ríkisins. Það er því djarft af hálfu verkalyðshreyfingarinnar að leita ekki allra leiða til að tryggja sem flestum vinnu við þessar aðstæður. Það mun leiða til meira atvinnuleysis en ella. Það þarf að nálgast þessar aðstæður af yfirvegum og sanngirni.

Launamenn njóta þess að taka ekki fjárhagslega áhættu með tekjur sínar í hverjum mánuði en kjörin eru engu að síður nátengd því hvernig árar í efnahagslífinu. Lýsandi fyrir það er að laun hér á landi voru með þeim lægstu hjá OECD-ríkjunum í kjölfar bankahrunsins en eru nú meðal þeirra hæstu. Launakjör eru því ekki fasti heldur sveigjast í takt við hagkerfið.

Gengisfall krónu gerði það að verkum að laun hér á landi lækkuðu í reynd skarpt fyrir rúmlega áratug. Nú hefur krónan haldist tiltölulega stöðug þrátt fyrir efnahagslegt kuldakast. Margir hagfræðingar telja að krónan muni ekki taka aðra kollsteypu. Þess vegna þarf launþegahreyfingin að sýna ábyrgð og falla frá umsómdum launahækkunum. Raunar er það svo að starfsmenn margra fyrirtækja munu eflaust þurfa að sætta sig við launalækkun um hríð. Það er betri kostur en að missa vinnuna. Fá fyrirtæki munu ráða til sín þá sem eru í atvinnuleit á næstunni. Vonandi mun Drífa Snædal og aðrir sem berjast fyrir bættum kjörum sjá að sér.

## Sjóðir Rothschild og LGT í eigendahópinn

Sjóðir á vegum fjárfestingabankans Rothschild & Co og eignastýringarfélagins LGT Capital Partners hafa samið um kaup á hlutum danskra lífeyrissjóða í sjóðnum VIA equity Fond III sem á tæplega fjórtán prósentu óbeinan hlut í Advania.

Í kjölfar kaupanna, sem gert er ráð fyrir að gangi endanlega í gegn á yfirstandandi ársfjórðungi, munu umræddir sjóðir fara með ríflega 99 prósentu hlut í VIA equity Fond III sem á aftur tæplega 46 prósentu hlut í eignarhaldsfélaginu VIA VPF, stærsta hluthafa Advania með um þrjátíu pró-



senta hlut. Starfsmenn VIA equity, norður-evrópska fjárfestingasjóðsins sem rekur sjóðinn VIA equity Fond III, eiga afganginn í sjóðnum.

Seljendur eru ATP og PFA, tveir af stærstu lífeyrissjóðum Danmerkur, en sá síðarnefndi er þó áfram hluthafi í Advania, með rúman sextán prósentu hlut, í gegnum aðurnefnt félag VIA VPF.

VIA VPF bættist sem kunnugt er í hluthafahóp Advania haustið árið 2018 með kaupum á þrjátíu prósentu hlut í upplýsingatæknifélaginu. – KJ

14.04.2020

Við þurfum að vera hreinskilin með að við getum ekki lofað öllum að komast skaðlausum út úr þessu efnahagsástandi. Það er útilokað. Þetta verða einfaldlega erfiðir tímar.

Bjarni Benediktsson,  
fjármálaráðherra



## Hjálparlína PwC

– Aðstoð við fyrirtæki og smærri rekstraraðila


Í ljósi áhrifa útbreiðslu COVID-19, sem skapar áður óþekkta stöðu í íslensku samfélagi og efnahagslífi, höfum við hjá PwC sett saman teymi sérfræðinga sem hefur kynnt sér ítarlega aðgerðir ríkisstjórnarinnar, sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila.

Við erum boðin og búin að svara spurningum ykkar um þessar aðgerðir stjórnvalda, aðrar mögulegar lausnir eða önnur rekstrartengd mál sem brenna á ykkur á þessum óvissutímum.

Sameinumst um að bjarga verðmætum og veita sem besta viðspyrnu fyrir íslenskt efnahagslíf og samfélag.

Hjálparlína PwC er aðgengileg á [www.pwc.is](http://www.pwc.is)

Þú velur um að senda inn skriflega fyrirspurn eða fá símtal frá sérfræðingi okkar.





# BLÁR APRÍL

Styrktarfélag barna með einhverfu

## EINHVERFAN MÍN ER BARA HLUTI AF MÉR OG VERÐUR ÞAÐ ALLTAF

Heilsaðu upp á Maríu á [blarapril.is](http://blarapril.is)  
Hún er einhverf og hefur frá ýmsu að segja





# Meistara kokkar í beinni

Kokkarnir okkar eru margir með lokað þessa dagana en bjóða upp á "Take away". Nokkrir þeirra ætla að elda fyrir okkur í beinni næstu daga.



**Friðgeir Ingi Eiríksson**  
16. apríl

**Gunnlaugur Ingason**  
18. apríl

**Bubbi Morthens**  
15. apríl

**Rúnar Gíslason**  
21. apríl

**Jói Fel**  
24. apríl

Við hjá Bakó Ísberg höfum ákveðið að leggja okkar lóð á vogarskálarnar og bjóða Íslendingum upp á þá þjónustu að fá kokkinn heim í stofu í beinni útsendingu á Facebook síðu Bakó Ísberg eða beint frá eldhúsi allra landsmanna.

Við höfum valið bæði frábæran hóp veitingamanna til að taka þátt í þessu með okkur sem og þekktu ástríðukokka sem munu elda fyrir okkur og kenna okkur eitthvað nýtt á hverjum degi.

## Beinar útsendingar á Facebook

**15. apríl 13.00 - Bubbi Morthens**  
býr til safann "Eitur Pési"  
alger bomba fyrir ónæmiskerfið.

**16. apríl 13.00 - Friðgeir Ingi frá**  
**Brasserie Eiríksson**  
Dutch babies.

**17. apríl 13.00 - Markús Ingi Guðnason**  
frá **Le Kock**  
kemur og gerir kökukleinhringi.

**18. apríl 13.00 - Gunnlaugur Ingason frá Gulli**  
**Arnar Veislupjónusta**  
býr til ómótstæðilegan kaffidessert með karamellu miðju.

**20. apríl 13.00 - Haukur Már Hauksson frá Yuzu**  
grillar risarækjur.

**21. apríl 13.00 - Rúnar Gíslason frá Kokkarnir**  
eldar íslenska bleikju.

**22. apríl 13.00 - Viktor Örn Andrésson**  
frá **Lúxusveitingar**  
eldar íslenska nautsteik.

**24. apríl 13.00 - Jói Fel**  
gerir rjómalagað pasta með grillaðu hvítlauks súrdeigsbrauði.

Samstarfsaðili  
**KRÓNAN**

**BAKO ÍSBERG**

Eldhús allra landsmanna

Höfðabakka 9, 110 Reykjavík



bako ísberg

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

### Miðvikudagur

Reykjavík <b>5</b>   <b>8</b> °C →	Ísafjörður <b>0</b>   <b>3</b> °C →	Akureyri <b>3</b>   <b>8</b> °C →
Egilsstaðir <b>5</b>   <b>8</b> °C →	Kirkjubæjarkl. <b>4</b>   <b>8</b> °C →	Hveravellir <b>-2</b>   <b>6</b> °C ↑

Vestan 8-13 í dag og stöku skúrir eða él, en lægir og styttr upp í kvöld. Hiti 1 til 8 stig.

### Fimmtudagur

Reykjavík <b>6</b>   <b>4</b> °C →	Ísafjörður <b>1</b>   <b>11</b> °C →	Akureyri <b>4</b>   <b>11</b> °C →
Egilsstaðir <b>6</b>   <b>4</b> °C ↑	Kirkjubæjarkl. <b>5</b>   <b>2</b> °C →	Hveravellir <b>-3</b>   <b>8</b> °C ↑

### Föstudagur

Reykjavík <b>8</b>   <b>6</b> °C ↑	Ísafjörður <b>3</b>   <b>2</b> °C ↑	Akureyri <b>5</b>   <b>2</b> °C ↑
Egilsstaðir <b>5</b>   <b>2</b> °C ↑	Kirkjubæjarkl. <b>6</b>   <b>1</b> °C ↓	Hveravellir <b>2</b>   <b>7</b> °C ↑

#### LÉTT

		5			1	6	3		
	2	1			5	4			
3	8	9	2			1			
9					7				5
	6					7	4		
	5		3	6		8	1		
8	7		6					2	
2					3				4
	1				9				7

#### MIDLUNGS

		9		4	2				6
				5	1		3		
1	3			7	9	2			
5	2				1				
3			8			1		7	
		1			4		3		
		3	9						
7					5	6			
					2		5		

#### PUNG

				3	6				
	8	3		9			2	7	
	5		7				1	9	
6							4		2
	9			5					
3							8		
			9						
			8		1	9	6		
8	1			6					7

### Krossgáta

- LÁRÉTT**  
1. bjálki  
5. metaskál  
6. vafi  
8. ærslabelgur  
10. skóli  
11. tré  
12. gjaldmiðill  
13. ríki í SA-Asíu  
15. lötrar  
17. þyrping
- LÓÐRÉTT**  
1. koddí  
2. plan  
3. reglufesta  
4. goð  
7. rjálari  
9. notkun  
12. tóntegund  
14. í viðbót  
16. óðagot

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

### Skák Gunnar Björnsson

Szabo átti leik gegn Bisguier í Buenos Aires árið 1855

#### Hvítur á leik



- Bxh7+! Kxh7 2. Dh3+ Kg8 3. Hg4! 1-0.**


Um páskahegina fór fram fyrsta Íslandsmótið í netkappskák. Guðmundur Gíslason vann sigur á mótinu. Páll Snædal Andrason, Vignir Vatnar Stefánsson og Lenka Ptáčniková urðu í 2.-4. sæti. Í kvöld fer fram hraðskákmót á vefnum.  
[www.skak.is](http://www.skak.is): Íslandsmótið í netkappskák.

9	5	6	1	4	7	2	3	8				
7	1	3	8	2	5	6	9	4				
8	4	2	9	3	6	7	5	1				
4	6	9	5	7	2	8	1	3				
5	7	8	3	6	1	9	4	2				
2	3	1	4	8	9	5	6	7				
6	8	5	2	1	4	3	7	9				
1	2	7	6	9	3	4	8	5				
3	9	4	7	5	8	1	2	6				

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.


LÁRÉTT: 1. staur, 5. vog, 6. ef, 8. æringi, 10. fg, 11. flitari, 9. neysla, 12. moll, 14. auk, 16. as.  
LÓÐRÉTT: 1. svefill, 2. torf, 3. agi, 4. regin, 7. eik, 12. mynt, 13. laos, 15. lullar, 17. klasi.

### Pondus



Eftir Frode Överli

### Geljan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

### Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

## ÁRSFUNDUR LISTAHÁSKÓLANS 2020

**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS BOÐAR TIL ÁRSFUNDAR MIÐVIKUDAGINN 22. APRÍL KL. 16.30**

Á fundinum kynna stjórnendur skólans starfsemi hans og rekstur. Fyrirspurnir og umræður. Fundurinn verður haldinn í gegnum fjarfundahugbúnað. Vinsamlega skráið þátttöku með því að senda póst á [lhi@lhi.is](mailto:lhi@lhi.is). Fundurinn er öllum opin.

Stjórn Listaháskóla Íslands

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS  
Iceland University of the Arts

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)





Harpa Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands, segir safnið fá góðar undirtektir hjá almenningi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Listasöfnin eru engan veginn úr leik í samkomubanninu

**Harpa Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands, segir að á tímum eins og þessum sýni söfn enn breiðari hlið á starfsemi sinni og nýti samfélagsmiðla. Streymt er úr safninu tvisvar í viku.**



Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is

Þrátt fyrir að söfnum um allt land hafi verið lokað þegar samkomubann var hert nú á dögum er starfsfólk þar að störfum.

„Já, því fer fjarri að söfnin séu úr leik í samkomubanni, þessir tímar hafa það í för með sér að söfn fara að sýna enn breiðari hlið á starfsemi sinni með því að nýta samfélagsmiðlana,“ segir Harpa Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands, en þar eins og í öðrum söfnum koma gestir að læstum húsum. „Söfn eru sífellt að búa til efni eða skapa viðburði og miðla með ólíkum hætti. Sýningarásýndin er vissulega sterk, fólk tengir safn við þá athöfn að ganga um og skoða muni og listaverk. Fara í safn. Söfn eru hluti af grunnstöðum menningarlífsins í þeirri mynd og það mun ekki breytast þrátt fyrir að nú sé sérstakir tímar og gestir komist ekki inn til okkar í einhverjar vikur.“ Harpa segir að miðlun á netinu sé svo sjálfsgöð leið og þar hafi söfnin lengi átt hlutdeild.

Spurð hvað Listasafn Íslands geri á tímum eins og þessum segir Harpa: „Við birtum meðal annars upplýsingar um valin verk úr safninu með færslum á Instagram og Facebook og fáum góð viðbrögð, sem sýnir okkur hversu mikilvægt það er að nota þessa leið til að varpa ljósi á menningararfinn okkar. Ég vil sérstaklega benda á vefinn sarpur.is. Þar er hægt að skoða safneign Listasafns Íslands og rúmlega 50 íslenskra safna og sannarlega hægt að gleyma sér við skoðun og lestur fróðleiks sem almenningur og ekki síst kennarar geta nýtt.

**Viðburðir Krakkaklúbbsins**

Krummi, sem við stöndum að tvisvar í mánuði, hefur notið mikilla vinsælda og núna færum við klúbbinn á netið, erum búin að taka upp lista-smíðjur sem verða birtar á laugardögum og krakkar geta nýtt sér hvenær sem er og horft á í tölvu og unnið eftir. Við ætlum að taka upp nokkur verkefni Krakkaklúbbsins



Forvörður safnsins, Ólafur Ingi Jónsson, yfirfer ástand og Elin Guðjónsdóttir, fagstjóri heimildasafns, skráir upplýsingar í Sarp.



Verk Listasafns Íslands bida meðhöndlunar sérfræðinga í einum af sýningarsal safnsins. MYNDIR/SIGURÐUR GUNNARSSON

**NÚNA SKIPTIR MÁLI AÐ ÍSLENSK SÖFN GETI ÞJÓNAÐ SÍNU MIKILVÆGA HLUTVERKI MEÐ BIRTINGU EFNIS Á NETINU.**

og náum þá til landsbyggðarinnar sem er okkur mjög mikilvægt.

Við erum líka farin að streyma úr safninu á þriðjudögum og fimmtudögum. Þá segja sérfræðingar safnsins frá. Þetta er verkefni sem við köllum Fyrir opnum tjöldum. Við erum búin að taka einn sýningarsal undir vinnusvæði með listaverkin okkar og þar ástandsskoðar forvörður og skráir, listfræðingar yfirfara skráningar, ljósmyndari tekur myndir fyrir Sarp, bókasafns- og upplýsingafræðingur færir ýmsar heimildir til bókar,“ segir Harpa sem dæmi um mörg dagleg verkefni í söfnum. „Við streymum líka af sýningum í fylgd sérfræðinga og gerum okkar besta til að opna leiðina inn til okkar.“

Harpa segir að söfn um allan heim vinni með ámóta hætti og þau vilji almennt að listaverk og munir þeirra séu aðgengilegir á netinu. Rannsóknir sýni að áhugi og heim-sóknir fólks aukist þegar söfn birta efni sitt á netinu. „Núna skiptir máli að íslensk söfn geti þjónað sínu mikilvæga hlutverki með birtingu efnis á netinu, við fáum miklar undirtektir almennings við efninu frá okkur og það eflir okkur enn frekar,“ segir Harpa.

# SÓLARFILMUR!

**Lausnir fyrir heimili og fyrirtæki**

**XPRENT**  
HÖNNUN OG MERKINGAR

Sundaborg 3  
104 Reykjavík  
777 2700  
xprent@xprent.is

# ALLT fyrir listamanninn

**Verkfæralagerinn**

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is  
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

**Ný tvöföld virkni sem veitir hraða og langvarandi vörn gegn tannkuli.**

TVÖFÖLD VIRKNI

STYRKIR, FYLLIR, LOKAR, VERNDAR

**GUM**  
Sensivital+

**KEBE**  
Hvildarstólar  
Tegundir: Rest og Fox

Opið virka daga 11-18 laugardaga 11-15

**NÝFORM**  
HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Komið og skoðið úrvalið

**BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS**

**Alltaf tími fyrir**

**Smash-Style hamborgara**



**100% ÍSLENSKT ungnautakjöt**

**479** kr. 2x100 g

Smash Style Hamborgarar  
2x100 g

**598** kr. 2x140 g

Smash Style Hamborgarar  
2x140 g



**259** kr./500 g

Bónus Kjarnabrauð  
500 g

**ALLTAF NÝBAKAÐ**



**4stk.**

**398** kr./4 stk.

Bónus Kjallarabollur  
Með osti, 4 stk.



**398** kr./stk.

Íslandsnaut Bernaissósa  
250 ml



**259** kr./stk.

Kötlú Vöflumix  
330 g



**398** kr./stk.

Bónus Rabarbara Sulta  
Í brúsa, 500 g



**1.498** kr./kg

ÍL Lambalæri  
Ókryddað, uppþitt



Verð gildir til og með 19. apríl eða meðan birgðir endast.



# Sumarið er tíminn



**895** kr./40 l

Van Egmond Mold  
40 l



**198** kr./parið

Koop Vinnuvettlingar

## Ruslaplokkari



**359** kr./stk.

Handspritt 85%  
250 ml



**398** kr./stk.

Koop Ruslaplokkari

### Opnum klst. fyrr fyrir áhættuhópa

Kauptún  
Holtagarðar  
Langholt - Akureyri

Korputorg  
Fitjar - Reykjanesbær  
Selfoss

[bonus.is](http://bonus.is)



**Skráðu þig á póstlistann og  
fáðu Fréttablaðið sent rafrænt  
á hverjum morgni**



**Skráðu þig á [frettabladid.is](http://frettabladid.is),  
á Facebook síðu Fréttablaðsins  
eða skannaðu QR kóðann**

**FRÉTTABLAÐIÐ** – Mest lesna dagblað landsins

Hvernig frásending hjá DORMA virkar á dorma.is

**DORMA**  
Láttu drauminn rætast

**Heima er best**  
verslaðu á [dorma.is](http://dorma.is) og við sendum þér það fritt

**LICATA**  
sófar og stólar

Ný og glæsileg lína í DORMA. Sófar, stólar og skammel úr fallegu og slitsterku áklæði.

HEIMA ER BEST  
TILBOÐ  
**25%**  
AFSLÁTTUR

**LICATA**  
hornsófi

Hornsófi í Kentucky koniak áklæði. Hægri eða vinstri tunga. Svartir nettir járnfætur. Stærð: 262 x 226 x 82 cm

Fullt verð: 249.990 kr.

**Aðeins 187.493 kr.**

Hvernig frásending hjá DORMA virkar á dorma.is

**DORMA**  
Láttu drauminn rætast

[www.dorma.is](http://www.dorma.is)  
VEFVERSLUN  
**ALLTAF OPIN**

HEIMA ER BEST tilboðin

KLÍKKADU Á VÖRU OG ÞU FERÐ BEINT INN Í VEFVERSLUN DORMA.IS

STYTTU ÞÉR LEIÐ GEGNUM BÆKLINGINN OKKAR

BDM 5-11 | Miðkværa og dæm 16-17 | Stólar 18-19 | Sögur 20-29 | Húsn. boð og slóðar 30-33 | Aflei og smíðara 34-42

**Þú finnur nýjan bækling á [dorma.is](http://dorma.is)**

**Breyttur afgreiðslutími Rvk**  
Mánudaga til föstudaga kl. 12-18  
Laugardaga kl. 12-18  
[www.dorma.is](http://www.dorma.is)

Holtagördum, Reykjavík  
Smáratorgi, Kópavogi  
Dalsbraut 1, Akureyri  
Skeiði 1, Ísafirði

**DORMA**  
Láttu drauminn rætast



Laddi og samverkafólk hans stíga hárfinan og bráðskemmtilegan línudans á mörkum lífs og dauða í Jarðarförin mín.

## Vetrarsólhvörf í lífi leiðinlegs manns

### SJÓNVARP

#### Jarðarförin mín

★★★★★

**Leikstjórn:** Kristófer Dignus  
**Handrit:** Kristófer Dignus, Jón Gunnar Geirdal, Hekla Elísabet Aðalsteinsdóttir, Sóli Hólm, Ragnar Eypórssón og Baldvin Z. eftir hugmynd Jóns Gunnars Geirdal  
**Aðalhlutverk:** Þórhallur Sigurðsson, Ragnheiður Steindórsdóttir, Birta Hall, Ævar Þór Benediktsson

Karlar í kreppu hafa verið fyrirferðarmiklir í kvikmyndaskáldskap það sem af er öldinni og þá ekki síst fauskar sem komnir eru af léttasta skeiði og eru að sligast undan sjálfum sér og karlmennsku sem þarf ekki endilega að vera eitruð þótt hún sé klárlega úldin og menguð.

Benedikt í sjónvarpsþáttunum Jarðarförin mín, sem Sjónvarp Símans gerði aðgengilega rétt fyrir páska, er einn þessara sorglegu karla. Laddi leikur þennan 67 ára fausk sem má setja í samhengi við til dæmis Ingimund, sem Ingvar E. Sigurðsson leikur í kvikmyndinni Hvítur, hvítur dagur, og geðstírdan Svía sem margir kannast við og heitir Ove.

Benedikt er óhjákvæmilega um margt náskyldur þessum mönnum en um leið nógu ólíkur til þess að eiga fullt erindi á sínum eigin forsendum. Ekki síst vegna þess að hann er bráðfeigur og mögulega fær fegurðin sem af þessum þáttum stafar eitthvað af sínum ljóma frá þeirri von að með jarðarförinni hans Benedikts séum við mögulega að kveðja þessa ákveðnu karlmannsgærd.

### Gamall fretur á síðasta séns

Þórhallur Sigurðsson, Laddi sjálfur, nýtur sín í hlutverki Benedikts þar sem hann er, hvernig sem því er snúið, „öðruvísi“ en við og kannski hann sjálfur eigum að venjast. Fyndinn og skemmtilegur er hann þó eins og venjulega en nær einnig að túlka angist og harm manns sem finnur lífsþorstan á ný þegar það er orðið of seint.

Audvitað hljómar þetta kunnulega og alls konar tilbrigði við þessa sögu hafa verið sögð áður í öllum



Laddi er ekki á flæðiskeri staddur í dauðastríðinu með og Birtu Hall og Einar Gunn sér við hlið en saman mynda þau yndislegt tríó.

hugsanlegum tóntegundum þannig að þótt landslagið sé kunnuglegt leggur handritshöfundateymið síður en svo á öruggar slóðir.

Við hvert fótmál eru klisjupyttir sem væri svo auðvelt og jafnvel freistandi að stíga í þannig að það má virkilega hrósa mannskapnum fyrir að dansa listilega á mörkunum en sneiða þannig hjá öllum gildrunum þannig að útkoman er falleg og hjartnæm saga sem er laus við alla tilgerð og kjánahroll.

### Mannlegur gleðileikur

Benedikt er rétt orðinn löggilt gamalmenni og nýhættur í leiðinlegu vinnunni sinni þar sem hann var leiðinlegastur allra þegar æxli finnst í heila hans og 80% öruggur dauðadómur er upp kveðinn. Þá hristir hann af sér klafa bælingar og þvermóðsku sem hann hefur burðast með í áratugi og ætlar að bruna á nýrri Teslu í gegnum gráa fiðringinn og hálfu mannsævi í sex 50 mínútna löngum sjónvarpsþáttum.

Glæsilegur hápunkturinn á svo að vera hans eigin jarðarför sem hann ætlar bæði að skipuleggja og vera viðstaddur. Þessi lífsneisti og fíflangangur í dauðvona mannum fer heldur illa í hans nánustu, einkasoninn, tengdadótturina og fyrrverandi eiginkonuna, þannig að óþægileg uppjör verða óhjákvæmileg.

### Jafnvægi lífs og dauða

Þessu hefði svo auðveldlega mátt

klúðra en hér leggst allt á eitt í vand- aðri framleiðslu þar sem feilsporin eru svo fá og smá að það tekur því ekki að rekja þau. Sagan er áhuga- verð frá fyrstu mínútum og síðan líður þetta bara áfram á þægilegu tempói.

Grín og harmur vega salt þannig að hvorugt nær nokkru sinni að yfir- skyggja hitt og skemmtilega útfærð tónlistaratriði vekja alls kyns hug- hrif á réttum augnablikum.

Laddi ber þættina uppi með sóma, dyggilega studdur af legiði af senu- þjófum sem eflast eftir því sem á líður. Ævar Þór, best þekktur sem visindamaður, tekur góða drama- kippi sem sonurinn ringlaði. Einar Gunn er yndislegur sem eini vinur Benedikts og Ragnheiður Steindórsdóttir ljá þessu drama dásamlegan og alvöru- þrunginn léttleika sem konurnar í lífi og væntanlega dauða Benedikts.

Hin níu ára gamla Birta Hall glansar síðan algerlega í hlutverki afstælpunnar þannig að skammt hrekkur að tala aðeins um senuþjóf þar sem hún stelur hjörtum og eigin- lega bara seríunni allri.

Þórarinn Þórarinsson

**NIÐURSTADA:** Jarðarförin mín dregur merkilega dóm af aðalleikaranum og er bara svolitill Laddi. Fyndin á yfirborðinu en undir niðri leynist tregi. Virkilega vel gerðir, notalegir og skemmtilegir þættir þar sem harmur og grín vega hárfint salt þannig að útkoman er eiginlega bara ógeðslega krúttleg.

Vissir þú að...



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

Það er bannað að mismuna börnum eftir litar hetti

# Kaffi dagar

Allar kaffivörur  
MED 10-50% AFSLÆTTI  
Aðeins í nokkra daga!



**Kaffivélar, sjálfvirkar  
kaffivélar, espressovélar,  
kaffikvarnir, pressukönnur,  
espressokönnur, kaffibox,  
kaffikönnur, hitabrúsar,  
flounarkönnur og  
margt fleira.**



BRAUN



Saeco

PHILIPS

SEVERIN



Sage

wilfa

bodum

Sjáðu allt úrvalið á  
[www.byggtogbuid.is](http://www.byggtogbuid.is)

# byggtogbúid

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS





Gerðu  
viðeigandi  
ráðstafanir



Á að hafa það notalegt og horfa á eitthvað gott í kvöld? Þú færð allt naslið og drykkina á næstu Kvikk-stöð Orkunnar.

**Kvikk**  
ON THE GO

**ORKAN**



Premeningarnir segjast þakklátir fjölskyldu og vinum sem hafa verið dugleg að leggja þeim lið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Vilja gefa Reykjavík þá orku sem hún á skilið

Lea, Óli Björn og Óli Ben vinna að opnun veganstaðarins Mama í miðbænum. Þar verður boðið upp á kakóseremóníur og vonast þau til að gæða miðborgina lífi og gleði í þessu sögufræga húsi.

Þremningarnir Lea Karitas Cressier, Óli Björn Karlsson og Óli Ben Ólafsson standa nú að undirbúningi opunar veganstaðar í hjarta miðborgarinnar. Í dag er síðasta tækifærið til að leggja þeim lið í hóp fjármögnun á Karolinafund.com.

### Meira en bara veitingastaður

„Það hefur alltaf verið á bak við eyrað á okkur í hópnum. Við erum búin að vera að sjá um mat fyrir alls konar viðburði og vorum komin á þann stað að okkur langaði að finna almennilegt eldhús og byrja með veislubjónustu. Þegar við fórum að leita að eldhúsi leiddi eitt af öðru og við enduðum með Laugaveg 2 viku seinna,“ segir Óli Björn.

„Þessi hugmynd er búin að vera í loftinu hjá okkur í hópnum í nokkur ár. Þetta er svo miklu meira en veganstaður. Þetta er samkomurými fyrir alla þá sem vilja vera partur af þeim jákvæðu breytingum sem eru að eiga sér stað í heiminum núna,“ bætir Óli Ben við.

### Ást og góður andi

Þau segjast öll einstaklega ánægð, ekki bara með staðsetninguna heldur húsnæðið sjálft, en þau eru sammála um að þar sé einstakur andi.

„Jurtaapótekið var rekið hérna í sjö eða átta ár af Kollu grasalækni. Hún hefur verið okkur mikill stuðningur í þessu verkefni og er okkur mjög kær. Hún er einn af þessum jurtaameisturum hérna á Íslandi sem eru brautryðjendur á þessu sviði og við erum henni afar þakklát fyrir alla þá vísu sem hún deildi með okkur. Hún talaði svo vel um andann í húsinu og við finnum það einmitt, góður andi og mikil ást,“ segir Lea Karitas.

**ÞETTA ER SAMKOMURÝMI FYRIR ALLA ÞÁ SEM VILJA VERA PARTUR AF ÞEIM JÁKVÆÐU BREYTINGUM SEM ERU AÐ EIGA SÉR STAÐ Í HEIMINUM NÚNA.**

Óli Björn

„Reyndar smá kaldhæðnislegt að hér var kjötbúð lengi vel,“ bætir Óli Björn við.

### Partur af einhverju stærra

Premeningarnir segja að það hafi verið ákveðin vöntun á stað í þessum stíl í miðbænum.

„Alla leið. Við viljum endilega geta boðið upp á stað þar sem fólk getur komið og fundist það vera að fara og grípa í máltíð. Einnig eru margir nú til dags sem eru að fíkra sig meira í átt að heilnæmari lífsstíl en vilja samt sem áður geta farið niður í bæ og verið í kringum fólk. Þetta mun vera yndisleg viðbót við lífið í Reykjavík,“ segir Óli Björn.

### Voru í leit að bættu lífi

Segið mér frá ykkar persónulegu veganvegferð, hvenær og hvers vegna urðuð þið vegan og hvaða ástæða brann þar helst í brjósti?

„Ég byrjaði mikið að útvíkka huga minn eftir að ég flutti til Kaupmannahafnar eftir menntaskóla. Þar byrjaði ég í alls konar tilraunastarfsemi til að auka velliðan. Ég var alltaf þreyttur og þungur og virtist ekki geta verið stöðugt orkulega séð. Eitt kvöldið datt ég inn á mynd sem heitir Fork over Knives og ég ákvað að prufa að borða einungis hráfæði í tvo mánuði. Breytingarnar voru ólyslegar. Bættur svefn. Meira

líkamlegt úthald. Almenn gleði og sátt innra með mér,“ segir Óli Björn.

„Ég er ekki vegan, ég borða það sem lætur mér líða vel. Oftast vill svo til að það er einmitt það sem kallast vegan. Það tók mig langan tíma að átta mig á hversu mikil áhrif maturinn hefur á líðan mína. Ég fattaði að oft var það maturinn sem var að gera mig þunglyndan. Núna er ég hægt og rólega að átta mig á, í einlægni og heidarleika, hvað lætur mér líða vel og hvað ekki,“ segir Óli Ben.

„Ég var að kljást við alls konar þunglyndi og vanlíðan og var mjög leitandi og hef alltaf verið mjög leitandi með stórum spurningar. En út frá því vaknaði forvitni mín gagnvart plönturíkinu og ást mín á dýrum, þá fannst mér það ekki lengur passa inn í mitt líf að neyta dýraafurða,“ segir Lea Karitas.

### Kakóseremóníur á efri hæð

Hvernig verður maturinn á Mama?

„Takmarkið er að bjóða upp á mat sem lætur okkur líða vel, á meðan og eftir að við höfum neytt hans,“ segir Óli Björn.

A efri hæðinni verður svo boðið upp á svokallaðar kakóseremóníur í notalegu rými.

„Kakóathafnirnar snúast um að opna hjartað, orkustöðina sem er í miðri bringunni. Þar sem ástin lifir. Í kakóathöfn sitjum við saman í kyrrð og ró og drekkum kakó, 100% hreint súkkulaði sem inniheldur svo mikið af efnum sem eru góð fyrir okkur á öllum sviðum. Við einbeitem okkur inn á við, beinum athygli okkar að hjartanu og með öndun, hugleiðslu og lifandi tónlist vekjum við enn meira ljós í hjartanu,“ segir Óli Ben.

Hægt er að leggja söfnuninni lið á Karolina Fund, en henni lýkur á miðnætti í kvöld.

steingerdur@frettabladid.is

**Cocoa Puffs**

**Algjört  
súkkulæði!**



## BAKÞANKAR

Bjarna  
Karlssonar



## Skyldi það ske?

Hver trampar á brúnni minni! heyrðist ungur faðir baula undir trébrúnni við Þvottalaugarnar í Laugar- dalnum. Litill snáði iskraði af spenningi fyrir ofan en ókunnugt fólk á göngu brosti hvert við öðru. Nýliðin páskahátíð í borg óttans var ólík öllu sem verið hefur. Hvar- vetna mátti sjá fólk spásera eitt síns liðs eða í smáum hópum. Mörg á hjólum, grill og tjill í gördum og út á svalir húsa barst ómur aflífi.

Fólk er svo viturt. Innst inni vitum við að leikurinn og hin endurnærandi hvíld er forsenda alls. Boðorðin tíu eru hluti af langtímaminni mannkyns og uppröðun þeirra er ekki tilviljun. Áður en okkur er sagt að misvirða ekki foreldra okkar, drepa fólk eða stela. Og áður en við erum hvött til að stunda ekki örvæntingar- fullt kynlíf, rægja náungann eða ágirnast það sem annarra er – já, áður en allt þetta er nefnt erum við minnt á að halda hvíldardaginn heilagan. Gleymdu ekki að leika þér, er verið að segja. Ekki klikka á hvíldinni.

Þegar við spilum á spil, skokkum á viðavangi, leikum badminton, njótum ásta, syngjum, dónsum, biðjum, eldum eitthvað gott, förum í Lego eða tókum djúpt kaffispjall – hvað gerist? Við gleymum okkur. Við gleymum tímanum og egóinu um stund, leggjum frá okkur streituna sem fylgir því að mæla tímann og mæla okkur við annað fólk. Við hvílum í flæðinu og núinu og tengjum við veruleikann.

Skyldi það ske? Skyldi undrið stóra standa fyrir dyrum, þegar mannkyn sér sjálf sig, kannast við skyldleika sinn við allt sem lifir og gefst leiknum á vald? Þá mun ein- semd og fátækt hverfa því öll munu sjá að lífið er ein stórkostleg flód- bylgja og hugmyndin um að safna einhverju svæsinn misskilningur.

FYRIR SVANGA  
FERÐALANGA

Kvikk

ON THE GO

LION BAR  
WHITE  
42 G

99

KR/STK  
2357 KR/KG



Kvikk

ON THE GO



ORKAN



## Lífið er dauðans alvara

Andspænis dauðanum áttar Benedikt sig á því að hann hefur kastað lífi sínu á glæ. Til að bæta upp fyrir það ákveður hann að skipuleggja og vera viðstaddur eigin jarðarför. **Jarðarförin mín** er gráglettin þáttaröð þar sem **Þórhallur Sigurðsson** sýnir á sér nýja hlið.

Þáttaröðin hefur hlotið mikið lof og er aðgengileg í heild sinni í **Sjónvarpi Símans Premium**.



JARÐARFÖRIN MÍN  
NÝ LEIKIN ÞÁTTARÖÐ

siminn.is

Dolce  
Gusto

